

Íslensk tónlist í Þýskalandi

MENNING Sinfóníuhljómsveit Ísland er á leið í tónleikaferð til Þýskalands og Austurríkis með hljómsveitarstjóra sínum, Daníel Bjarnasyni, og Víkingi Heiðari Ólafssyni píanóleikara. Á efnisskrá verða meðal annars verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur og píanókoncert eftir Daníel.

„Þetta er í fyrsta sinn sem hljómsveitin fer í ferðalag með íslenskan hljómsveitarstjóra og heimsfrægan íslenskan einleikara og hefur íslenska tónlist á efnisskrá. Það segir nokkuð mikið um stöðu íslenskrar samtímatónlistar, sem hefur fengið mikla athygli undanfarið,“ segir Daníel. — kb / sjá síðu 34

Stefna á að endurvekja skattaafsláttinn

VIÐSKIPTI Þingmenn Sjálfstæðisflokksins stefna á að því að leggja fram frumvarp í næstu viku til innleiðingar skattalegra hvata til hlutabréfakaupa fyrir almenning. Þetta staðfestir Óli Björn Kárason, þingmaður og formaður efnahags- og viðskiptanefndar.


„Íslenski hlutabréfamarkaðurinn er ekki nægileg öflugur. Það hefur verið bent á hversu stórt hlutverk lífeyrissjóðirnir leika á íslenskum hlutabréfamarkaði en ég tel að verkefnið snúist ekki um að draga úr þátttöku lífeyrissjóðanna á markaðinum heldur efla og auka þátttöku annarra fjárfesta, og ekki síður almennings. Það er hægt að gera með því að innleiða hér að nýju skattalega hvata til hlutabréfakaupa fyrir almenning,“ segir Óli Björn.

Skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa var lagður til í Hvítbókinni um fjármálakerfið sem leið til þess að efla virkni hlutabréfamarkaðarins. — þfh / sjá síðu 10

Kostnaður of mikill fyrir GSÍ

GOLF Þrátt fyrir að fulltrúar Evrópumótaraðar kvenna í golfi hafi sýnt áhuga á að halda mót hér á landi er ólíklegt að af því geti orðið í ljósi kostnaðarins sem því myndi fylgja. Golfsamband Íslands hefur verið í óformlegum viðræðum við fulltrúa mótaraðarinnar en kostnaðaráætlun upp á tugi milljóna kemur í veg fyrir að hugmyndin komist á teikniborðið.

„Því miður munu þessar viðræður líklega alltaf stranda á peningamálunum,“ segir Haukur Örn Birgisson, forseti GSÍ, spurður út í viðræðurnar. — kpt / sjá síðu 26



Ert þú einmana

?

Einmanaleiki hefur áhrif á bæði andlega og líkamlega heilsu en félagsleg tengsl hafa mikil áhrif á hamingju og vellíðan. Samfélagið þarf að vera vakandi fyrir því að skapa tækifæri fyrir fólk til að hittast og mynda tengsl.

9% fullorðinna finna oft eða mjög oft fyrir einmanaleika.

21% úr hópnum 18-34 ára finnur oft eða mjög oft fyrir einmanaleika.

4% úr hópnum 65 ára og eldri finna oft eða mjög oft fyrir einmanaleika.

69% fullorðinna finna sjaldan eða aldrei fyrir einmanaleika.

→12

Verð miðast við gengi 28. október 2019.

Škoda Karoq 4x4

Ambition / 1.6 TDI / Sjálfskiptur


Tilboðsverð 4.990.000 kr.

H HEKLA · www.hekla.is/skodasalur

Aukahlutapakki fylgir

- Dráttarbeisli
- Hiti í stýri
- Fjarlægðatengdur hraðastillir
- Hiti í framrúðu
- Bakkmyndavél
- Rafmagnsopnun á afturhlera og fleira.

Veður



Hæg A- átt, úrkomulaust að kalla og víða bjart. Austan 8-13 m/s og el syðst á landinu. Bætir í vind vestast annað kvöld. Frost 0 til 10 stig, kaldast fyrir norðan. **SJÁ SÍÐU 30**



Sindri Þór Stefánsson fékk fjögurra og hálfis árs dóm. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bíða enn eftir Landsrétti

DÓMSMÁL Bitcoin-málið svokallaða er ekki enn komið á dagskrá Landsréttar en dómur í málinu var kveðinn upp í janúar. Sjö menn voru þá dæmdir fyrir aðild að innbrotum og þjófnaði úr tveimur gagnaverum. Þeir fimm sem hlutu þyngstu refsingu áfrýjuðu málinu til Landsréttar og var málið skráð þar 8. mars síðastliðinn. Þótt átta mánuðir séu liðnir hefur málið ekki enn verið tekið á dagskrá réttarins.

Í svari Landsréttar við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að ástæðan sé sú að ríkissaksóknari hafi enn ekki þingfest málið og afhent gögn þess til Landsréttar. Í svari ríkissaksóknara segir að Héraðsdómur Reykjaness hafi enn ekki afhent gögn málsins þótt óskað hafi verið eftir því og sú beiðni verið itrekuð.

Björn Bergsson, skrifstofustjóri Landsréttar, segir að þegar málið hafi verið þingfest verði verjendum og ákærvaldi veittir frestir til að skila greinargerðum en það sé fyrst að lokinni þessari gagnaöflun sem málið sé tilbúið til málflutnings og unnt að afkveða dagsetningu hans. Aðspurður segir Björn að ekki sé unnt að fullyrða að málið hafi beðið lengur en önnur mál sem verið hafa til meðferðar hjá réttinum.

Sindri Þór Stefánsson hlaut þyngsta dóminn í héraði en hann var dæmdur til fjögurra og hálfis árs fangelsisvistar fyrir skipulagningu og framkvæmd brotanna. – að

Ráðherrar fengu boðsbref á barnaþing



Þrjátíu ár eru liðin frá því að Barnasáttmálinn, samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, var samþykktur. Því verður fagnað með ýmsu móti. Hápunkturinn verður án efa barnaþing, sem umboðsmaður barna stendur fyrir í fyrsta skipti í ár. Barnaþingið verður haldið í Hörpu 21. til 22. nóvember. Ráðherrar fengu afhent boðsbref á þingið í skemmtilegri athöfn í Alþinghúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Þorlákshöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sameining er ekki á dagskrá

ÖLFUS Bæjarráð Ölfuss hefur hafnað því að ganga til viðræðna við Árborg um sameiningu sveitarfélaganna að svo stöddu.

Kveðst bæjarstjórnin þó fagna því að bæjarráð Árborgar stigi fram og lýsi „vilja til að nálgast nágretta sýn og samstarfsaðila á jafningiagrunni“ eins og segir í bókun. „Á sama tíma hefur framganga bæjarfulltrúa Árborgar hins vegar ekki verið með þeim sama hætti líkt og kom fram á haustfundi Héraðsnefndar Árnesinga nú í október.“

Þá benda Ölfusingar á að sveitarfélögin hafi rætt um sameiningu á árunum 2016 til 2017 en að þeim viðræðum hafi lokið án niðurstöðu. – gar

Byggir á persónulegum sögum í verkum sínum

Pólsk menningarhátíð verður haldin í Reykjanessbæ á laugardaginn í tilefni af þjóðhátíðardegi Póllands, 11. nóvember. Vena Naskrecka heldur þar sýningu sem byggir á persónulegum frásögnum einstaklinga af pólskum uppruna.

SAMFÉLAG „Verkin á sýningunni eru ljósmyndir og hljóðupptökur af fólki hér í bænum. Pólsku fólki í samfélaginu hér sem ég þekkti ekkert en hef nú orðið svo heppin að kynna. Hér býr nefnilega ótrúlega mikið af áhugaverðu og hlýju pólsku fólki sem er að gera áhugaverða hluti,“ segir listakonan Vena Naskrecka.

Hún heldur listsýningu á Pólskri menningarhátíð sem fram fer á Nesvöllum í Reykjanessbæ á laugardag. Á hátíðinni er áhersla lögð á persónulegar sögur bæjarbúa af pólskum uppruna. Boðið verður upp á tónlistaratriði, pólskan götumarmarkað og Polonez-dans, svo fátt eitt sé nefnt.

„Ég hitti fólkið, það sagði mér sínar sögur og ég tók af því myndir. Allir tóku mér ótrúlega vel og það var frábært að heyra sögur þeirra,“ segir Vena. „Áður en þau söguð mér sögurnar spjölluðum við saman þannig að þau kynntust mér og ég þeim, það varð til þess að samskiptin urðu opnari,“ bætir hún við.

„Sýningargestir setja á sig heyrnartól og hlusta á viðmælendur mína segja sögur sínar og myndirnar sem ég tók af þeim verða til sýnis. Með því að gera þetta svona en ekki sem hefðbundið vídeóverk fæst meiri nánd á milli sýningargesta og söguhetjunnar,“ segir hún.

„Sumar sögurnar eru á pólsku og aðrar á íslensku. Þær eru svo allar þýddar yfir á pólsku eða íslensku eftir því sem við á svo allir geti lesið þær. En sama hvort tungumálið sýningargestir skilja hvet ég alla til þess að setja á sig heyrnartólin og hlusta. Það er svo margt sem leynist í frásögnum okkar. Hljóm-



Vena Naskrecka við nokkur verka sinna á sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sumar sögurnar eru á pólsku og aðrar á íslensku. Þær eru svo allar þýddar yfir á pólsku eða íslensku eftir því sem við á svo allir geti lesið þær.

Vena Naskrecka, listakona

fallið í röddinni og tilfinningin getur aukið upplifunina,“ útskýrir Vena.

Hún segir sögurnar jafn margar og ólíkar og söguhetjunnar en að ýmislegt hafi þær þó átt sameigin-

legt. „Við töluðum um alls konar hluti, til dæmis upplifun Pólverja af því að búa á Íslandi. Öll voru þau sammála um mikilvægi þess að læra íslensku og að Íslendingar hefðu tekið þeim vel,“ segir hún.

Hátíðin var haldin í fyrsta sinn í fyrri við mikinn fögnuð bæjarbúa en um 16 prósent íbúa í Reykjanessbæ eru af pólskum uppruna. Vena telur mikilvægt að slíkir viðburðir séu haldnir í öllum samfélögum og séu kjörin leið til að þjappa saman og auka tengsl fólks af ólíkum uppruna.

„Sama hvort við erum frá Póllandi eða Íslandi þá búum við öll nálægt hvert öðru, börnin okkar ganga í sömu skólana og við erum með svipaðar upplifanir, og ef við erum meðvitund um fólkið í kringum okkur og sögur þess liður okkur betur,“ segir hún.

birnadrofn@frettabladid.is

K371 sófi

Fáanlegt í leðri og tauáklæði, margir litir
3ja sæta 2ja sæta og stólar



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Opíð virka daga
11-18
laugardaga
11-15



HÚSASMÍÐJAN

blómaval

**PÉR ER BODIÐ
Í KVÖLD KL. 18-21**



Mættu tímanlega
Kaffi og vöfflur
á meðan birgðir endast

AFSLÁTTAR- KVÖLD

Í KVÖLD 7. NÓVEMBER KL. 18-21

í Húsasmiðjunni og Blómaval í eftirfarandi verslunum

GRAFARHOLTÍ - AKUREYRI

VESTMANNAEYJUM - SELFOSSI - EGILSSTÖÐUM - ÍSAFIRÐI

25%
afsláttur
af öllum
búsáhöldum

20%
afsláttur
af öllum
smáraftækjum

25%
afsláttur
af seríum &
jólaskrauti

25%
afsláttur
af öllum vörum
í Blómavali

20%
afsláttur
af öllum
verkfærum

GRAFARHOLT

Vöfflur, piparkökur og Jólakaffi - Nóakonfekt og Jólaöl - Philips Hue ljósakynning - Lifandi Jólatónlist, Kaleb

AKUREYRI

Kynningar frá Kalda, Nóa síríus, Ölgerðinni og Kaffibrennslunni - Philips Hue ljósakynning
Heimir Ingimarsson spilar ljúfa tóna

Sjá dagskrá á husa.is fyrir Vestmannaeyjar, Selfoss, Egilsstaði og Ísafjörð

Allt klárt fyrir jólin

Nýtt

Húsasmiðjublað er komið út, skoðu á husa.is





FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Forstjóri Hrafnistu tjáir sig um andlát Pétur Magnússon sagði upplifun barnabarns sem missti afa sinn ekki eiga við rök að styðjast.

2 Reglubreytingar til skoðunar vegna albanskrar fjölskyldu Landlæknir hefur boðað skoðun á nügildandi verklagi og reglum vegna umdeildrar brottvísunar.

3 Nýsjálenskar Instagram-stjórnur í utanvegaakstri Tvær samfélagsmiðlastjórnur birtu myndbönd af sér í utanvegaakstri.

4 Á leið úr landi með fulla tösku af þýfi Erlendur verkamaður var á leið úr landi með göss sem hann stal af samstarfsmönnum.

5 Þúsund sótt um vinnu hjá Play Mikill áhugi er á störfum hjá flugfélaginu. Rúmlega 30 þúsund manns hafa skráð sig á póstlista.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is

Auður þarf ekki skráningu

FJÖLMIÐLAR Auður, blað sjálfstæðiskvænna, þarf ekki að vera skráð hjá fjölmiðlanefnd þar sem það er ekki gefið út með reglubundnum hætti til almennings. Samkvæmt lögum um fjölmiðla þurfa allir fjölmiðlar að skrá sig, ef það er ekki gert á viðkomandi yfir höfði sér fjársektir og allt að hálfars fangelsi.

Samkvæmt lögum er fjölmiðill hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Fram kemur í svari fjölmiðlanefndar að nefndin hafi þó ekki skilgreint hversu reglubundin útgáfa þarf að vera til að þurfa að vera skráð.

Skylda til að tilkynna starfsemi fjölmiðla hvílir á fjölmiðlinum sjálfum, en fjölmiðlanefnd hefur sent óskráðum fjölmiðlum erindi. Engar sektir hafa verið lagðar á fjölmiðla sem ekki hafa tilkynnt fjölmiðlanefnd um starfsemi sína. – ab

Segir forsendu meirihlutasamstarfsins í höfuðborginni brostna

REYKJAVÍK Í fimm ára áætlun sem fylgdi frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og lögð var fram á fundi borgarstjórnar nýlega, er ráðgert að skuldir og skuldbindingar samstæðu Reykjavíkurborgar verði 64 milljörðum hærri árið 2022 en þær voru við síðustu kosningar. Þetta segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur.

„Það sem slær mann er hve þetta er stjarnfræðilega langt frá áætluninni sem var lögð fram fyrir síðustu kosningar. Þegar maður horfir á lokaár kjörtímabilsins, sem er 2022, stefnir í að borgin skuldi 368 milljarða í stað 304 milljarða samkvæmt áætluninni,“ segir Eyþór.

„Þetta er svo gríðarlega há tala að ég held að þeim hafi brugðið þegar ég benti á þetta,“ segir Eyþór jafn-

framt. Hann segir sáttmálann sem liggur til grundvallar meirihlutasamstarfinu mæla fyrir um að greiða eigi niður skuldir. Stefna Viðreisnar hafi verið sjálfbær rekstur og að greiða niður skuldir. „Þetta er eins langt frá því sem verða má.“

Hann segir þetta setja samstarf í meirihlutanum í nýtt ljós. „Ég get ekki séð að Viðreisn sé stætt á að vera í meirihlutasamstarfi sem

gengur svo þvert á stefnu flokksins og sömuleiðis þvert gegn lyklatríðum í fjármálakafli meirihlutasáttmálans sem Viðreisn samþykkti. Það voru ekki bara borgarfulltrúarnir heldur líka flokkurinn sjálfur sem samþykkti sáttmálann og fjármálakafllann þar með.“

Fyrri umræða um frumvarpið og áætlunina fór fram á þriðjudag í borgarstjórn. – jþ

Lýsa yfir þungum áhyggjum af þjónustusamningi við RÚV

Sjálfstæðir kvikmyndaframleiðendur hafa áhyggjur af því að ekki verði skerpt á skilgreiningu RÚV á sjálfstæðum framleiðanda við gerð nýs þjónustusamnings. Ráðuneytið svarar ekki ítrekuðum erindum SI.

STJÓRNSÝSLA Sjálfstæðir kvikmyndaframleiðendur hafa miklar áhyggjur af því að gagnrýni frá þeim verði ekki tekin með í reikninginn við gerð nýs þjónustusamnings mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Ríkisútvarpið. Nýr samningur til ársins 2024 mun líta dagsins ljós fyrir áramót. Ráðuneytið hefur ekki svarað fyrirspurnum um stöðuna á samningagerðinni en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er hún á lokametrunum.

Helstu áhyggjurnar snúa að því að ekki verði skerpt á skilgreiningu á hvað sé sjálfstæður framleiðandi. RÚV skilgreinir sjálfstæðan framleiðanda sem „seljanda tilbúins efni eða umsjónarmann eða framleiðanda efni“. Samkvæmt reglugerð um Kvikmyndasjóð má hins vegar finna skilgreininguna „sjálfstæður framleiðandi er fyrirtæki sem hefur kvikmyndagerð að meginstarfi“.

Samtök iðnaðarins (SI) óskuðu eftir svörum frá ráðuneytinu fyrir meira en ári og funduðu með Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, í mars. Síðan hafa engin svör borist.

„Útfærsla þjónustusamningsins skiptir sköpum fyrir hagsmunum okkar félagsmanna,“ segir Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverka- og sviðsstarfsins. „Ég trúir ekki öðru en að ráðuneytið eigi við okkur samtál



Þjónustusamningur ráðuneytisins við RÚV rennur út um áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

RÚV teygir sig mjög langt í skilgreiningu á því hvað telst sjálfstæður kvikmyndaframleiðandi.

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverka- og sviðsstarfsins



um þessi mál áður en gengið verður frá þjónustusamningnum. RÚV teygir sig mjög langt í skilgreiningu á því hvað telst sjálfstæður kvikmyndaframleiðandi. Við teljum að með því sé vegið að hagsmunum greinarinnar.“

Samkvæmt nügildandi þjónustusamningi er RÚV skylda til að láta einn tíunda af útgjöldum renna til sjálfstæðra framleiðanda. Yfirlit yfir viðskipti RÚV við sjálfstæða fram-

leiðendur á árunum 2016 og 2017 eru aðgengileg á vef Alþingis. Þar sést að í mörgum tilfellum er um að ræða þáttastjórnendur og jafnvel aðrar opinberar stofnanir.

„Yfirlitin benda til þess að verið sé að fella almenn viðskiptasambönd og aðkeypta þjónustu frá hinum ýmsu aðilum undir kaup á efni frá sjálfstæðum framleiðendum,“ segir Sigríður. „Að okkar mati þarf að fara ofan í saumana á þessu og tryggja að upprunalegur tilgangur þessa hlutverks RÚV um að efla kvikmyndaframleiðslu á Íslandi nái fram að ganga.“

RÚV neitar að afhenda Fréttablaðinu yfirlit yfir viðskipti við sjálfstæða framleiðendur árið 2018, er það nú til umfjöllunar hjá úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Fleiri atriði tengjast gerð þjónustusamningsins, þá helst vera RÚV á auglýsingamarkaði. Fram kemur í svari RÚV við fyrirspurn

Fréttablaðsins að tekjur af sölu auglýsinga námu tveimur milljörðum í fyrra, er það um einn þriðji tekna stofnunarinnar. Rekstur auglýsingagæðlar var rúmur einn tíundi af þeirri upphæð, eða 255 milljónir króna. Alls var hlutdeild samkeppnisrekstrar í kostnaði um 525 milljónir króna í fyrra, en um 270 milljónir króna af því myndi áfram falla á RÚV ef stofnunin hyrfi af auglýsingamarkaði. Það þýðir að RÚV þyrfti um 1,8 milljarða króna til viðbótar til að halda áfram rekstri í núverandi mynd.

Ríkisendurskoðun er nú að vinna stjórnarsýsluúttekt á RÚV. Nær úttektin til fjármögnunar og reikningskila og samkeppnisreksturs RÚV. Í byrjun hausts var gert ráð fyrir að skýrslan yrði tilbúin í síðari hluta október. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er dregin upp dökk mynd af stjórnarsýslu RÚV í skýrslunni. arib@frettabladid.is

ramisland.is

RAM 3500

GLÆSILEGT ÚTLIT, NÝJAR ÚTFÆRSLUR OG FJÖLMARGAR TÆKNINÝJUNGAR Í BODI.

EIGUM TIL CREW CAB BIG HORN, LARAMIE, SPORT OG LIMITED ÚTFÆRSLUR TIL AFGREIÐSLU STRAX. EINNIG MEGA CAB Í LARAMIE OG LIMITED ÚTFÆRSLUM.

BJÓÐUM UPP Á 35", 37" OG 40" BREYTINGAR

RAM 3500 VERÐ FRÁ: 6.987.745 KR. ÁN VSK.

RAM 3500 VERÐ FRÁ: 8.640.000 KR. M/VSK.

40" BREYTTUR MEGA CAB


„DROTTNING ÍSLENSKRA GLÆPASAGNAHÖFUNDA“

THE GUARDIAN

„Verk Yrsu standast samanburð við það sem best gerist í glæpasögum samtímans, hvar sem er í heiminum.“

Times Literary Supplement

„BESTI NORRÆNI
GLÆPASAGNA-
HÖFUNDURINN.“
ADRESSEAVISEN



PÖGN EFTIR YRSU SIGURDARDÓTTIR

Á köldum degi hverfur lítil stúlka úr barnavagni í Reykjavík, fædd af íslenskri staðgöngumóður. Ellefu árum síðar deyr telpa úr mislingum og faðirinn vill jafna sakir við þann sem smitaði dótturina. Kona finnst látin í yfirgefinni bifreið og yfir og allt um kring er þögn sem enginn vill rjúfa.

KEMUR ÚT Í DAG!



HVAÐ KÝST ÞÚ?

HVERFIÐ MITT KOGNING

31. okt – 14. nóv hverfidmitt.is



KRONAN

Teljum niður dagana ... til jóla


Pssst ...
Úrvalið er mismunandi eftir verslunum

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

FRÉTTABLAÐIÐ IS

Stendur undir nafni

FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ IS



Alls standa 81 þúsund ljósastaurar um land allt. Nokkrir LED-staurar lýsa upp Hringbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sveitarfélög LED-væða ljósastaura næstu árin

Sveitarfélögin vinna nú að því að LED-væða ljósastaura. Reykjavík áætla að verkefninu ljúki á 5 árum og Akureyringar ætla því 5 til 8 ár. LED-lamparnir þýða mun betri stýring og viðhald. Hver lampi borgar sig upp á 6 til 7 árum.

SAMGÖNGUR Sigurður Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs, segir að RARIK sem hafi haft umsjá með ljósastaurum í mörgum sveitarfélögum sé að færa þeim þá aftur. Alls eru um 81 þúsund staurar í landinu. „Sveitarfélögin hafa þurft að taka ákvörðun um að skipta yfir í LED og mér, sem áhugamanni um orkusparnað, finnst mikilvægt að þau nýti tækifærið nú þegar þau eru að fá þá í fangið,“ segir hann.

Að sögn Sigurðar hefur LED augljósa kosti. Ekki aðeins orkusparnað upp á um 70 prósent, heldur einnig langtum minni viðhaldsþörf, vinnusparnað og betri endingu. Í flestum núverandi staurum þarf að skipta um perur á 3 til 5 ára fresti, en LED-perur duga í áratugi. Annar kostur er betri stýring stauranna, bæði á styrk og hvert ljósinu er beint. „Hægt er að deyfja ljósið þegar fáir eru á ferð eða lýsa eftir skynjurnum,“ segir Sigurður.

LED-væðing Reykjavíkurborgar er komin af stað að sögn Ársæls Jóhannssonar, verkefnastjóra. Hópur skipaður af borgarstjórn er nú að fara yfir tillögur þverfaglegar nefndar um ljósvist. Býst Ársæll við því að þetta verði tilkynnt sem stefna borgarinnar eftir áramót.

Sveitarfélögin hafa þurft að taka ákvörðun um að skipta yfir í LED og mér, sem áhugamanni um orkusparnað, finnst mikilvægt að þau nýti tækifærið nú þegar þau eru að fá þá í fangið.

Sigurður Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs



„Við erum búin að setja upp 2.200 LED-lampa í Fossvoginum og í Vesturbænum eru komnir um 600 lampar með gamaldags útliti. Þá erum við einnig í lokaútboðsferli varðandi lampa í Efra-Breiðholti og Seljahverfi sem á að skipta út í heild sinni,“ segir Ársæll. Alls eru tæplega 30 þúsund ljósastaurar í Reykjavík. Borgin sjálf hefur umsjón með 24 þúsund staurum en Vegagerðin sex þúsund. „Við gerðum nýlega samantekt á þessu og áætluðum að LED-væðingin klárast á fimm árum. Í útboði

gerum við kröfu um 100 þúsund logtíma, sem er um 25 ár.“

Reykjavíkurborg kaupir alla LED-lampa með ákveðnum tengli sem gerir kleift að eiga samtalið við staurinn. Hægt er að fylgjast með ástandi lampans í rauntíma og hann lætur vita af bilunum. „Við þurfum ekki lengur að vera að kveikja á heilu hverfunum og keyra um til að finna ónýtar perur. Þetta breytir öllu verkferlinu,“ segir Ársæll.

Helsti ókosturinn við LED er að startkostnaðurinn er nokkuð hár, en skipta þarf um allan kúpulinn á staurnum. Gert er þó ráð fyrir að þetta borgi sig upp á sex til sjö árum. Í Hafnarfirði þar sem LED-væðing hófst í mars árið 2018 fyrir 5.900 staura, var gert ráð fyrir að hver lampi kostaði á bilinu 30-50 þúsund krónur.

Andri Teitsson, formaður umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrar, segir að búið sé að setja upp lampa í nokkrum hverfum og stefnt að því að klára LED-væðinguna á fimm til átta árum. „Við fáum markvissari og sumir segja betri lýsingu. Til dæmis getum við beint ljósinu beint niður og þá verður minni ljósmengun,“ segir hann. krystinnhaukur@frettabladid.is

Fjölgað hefur í starfsliði Ríkislögreglustjóra

STJÓRNÝSLA Stöðugildum hjá Ríkislögreglustjóra hefur fjölgað um átta á síðustu tíu árum. Þau fóru úr 126 árið 2008 í 134 árið 2018. Mest er fjölgunin í hópi adalvarðstjóra og lögreglufulltrúa. Á sama tíma hefur stöðugildum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu fækkað um 42 stöðugildi. Þau voru 411 árið 2008 en 369 á síðasta ári. Þetta kemur fram í svari dómismálaráðherra við fyrirspurn Unnar Brár Konráðsdóttur, varaþingmanns Sjálfstæðisflokksins.

Greiðslur til beggja embætta hækkuðu umtalsvert á tímabilinu. Ríkislögreglustjóri fékk 1.200 milljónir úr ríkissjóði árið 2008. Í fyrra fékk embættið 1.901 milljón úr ríkissjóði. Greiðslur úr ríkissjóði til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu voru 2.930 milljónir árið 2008 en hækkuðu jafnt og þétt og voru 4.847 milljónir í fyrra. –aa



Haraldur Johannessen er ríkislögreglustjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**TAX
FREE**

**SNYRTIVÖRU
DAGUR**

MIDNÆTURSPRENGJA

Kringlan

aðeins í dag 7. nóvember

Taxfree* af öllum snyrtivörum

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

Komdu í kaffi



Café

PENNIN Eymundsson

AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG • LAUGAVEGI
AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Brexit mestu mistök Breta eftir styrjöldina



John Bercow, fráfariandi forseti neðri deildar breska þingsins, sagði í gær að úrsögn Breta úr Evrópusambandinu séu mestu mistök Breta frá lokum seinni heimsstyrjaldar. Þessi orð lét hann falla á fundi á vegum Samtaka erlendra fréttamanna í Lundúnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

FRÉTTABLAÐIÐ
+PLÚS



Málþing með notendum Faxaflóahafna

Fimmtudaginn 7. nóvember 2019,
kl. 16:00 í Hörpu

Til þess að kynna það sem efst er á baugi hjá Faxaflóahöfnum sf. og fræðast um starfsemi á hafnarsvæðum fyrirtækisins boða Faxaflóahafnir sf. til málþings fimmtudaginn 7. nóvember kl. 16:00, Björtuloft, 5. hæð, Hörpu.

Dagskrá málþingsins á að snerta málefni sem flestra á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. og verður sem hér segir:

- 16:00 Ávarp formanns**
Skúli Þór Helgason, stjórnarformaður
- 16:10 Yfirlit hafnarstjóra um verkefni og framkvæmdir ársins 2020**
Gísli Gíslason, hafnarstjóri
- 16:30 Uppbygging á Austurbakka – skipulag í Örfirisey**
Hildur Gunnlaugsdóttir, skipulagsfulltrúi
- 16:45 Rafmagn til skipa – framhald mála**
Gunnar Tryggvason, aðstoðarhafnarstjóri
- 17:00 Hátækni vöruhús Innes**
Jóhanna P. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri aðfangakeðju Inness
- 17:15 Átakið #kvennastarf**
Jón Hjalti Ásmundsson, skólastjóri Skipstjórnar- og Véltekniskóla Tækniskólans
- 17:30 Umræður og fyrirspurnir**
- 18:00 Fundarslit**

Fundarstjóri:

Erna Kristjánsdóttir, markaðs- og gæðastjóri

Fundurinn er opin öllum, en þeir sem eru með starfsemi á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. eru sérstaklega hvattir til að mæta. Á fundinum gefst tækifæri til þess að koma með fyrirspurnir og ábendingar um það sem varðar hafnarrekstur, þjónustu og aðstöðu fyrir viðskiptavinum.

Gísli Gíslason,
hafnarstjóri

Kærðu leikstjóra sem vildi ekki dádýraveiði

Veidimenn í Orne-héraði segja að Luc Besson banni veiðar á dýrunum og hafi leyft þeim að fjölga sér afskiptalaus á landareign sinni. Dádýrin eru sögð valda skemmdum á jörðum bænda. Réttarhöld í málinu eru hafin ytra.

FRAKKLAND Veidimannasambandið í Orne-héraði í Frakklandi hefur kært kvikmyndaleikstjórann Luc Besson vegna þess að hann neitaði því um að veiða á landi sínu. Veidimennirnir segja að Besson láti fjölgun dádýra afskiptalaus á jörðinni og þau valdi skemmdum á jörðum bænda í kring. Talið er að um 300 dádýr hafist við á landi Besson.

Réttarhöld standa nú yfir en veidimennirnir krefjast 130 þúsund evra, eða um 18 milljóna króna, sem þeir áætla að séu skemmdirnar sem dádýrin hafa valdið. Samkvæmt frönskum lögum ber þeim skylda gagnvart bændum að halda stofninum niðri en það hafa þeir ekki getað gert síðan árið 2014.

Árið 2016 gerðu starfsmenn sveitarfélagsins tilraunir til að hræða dádýrin af landi Besson en án árangurs. Síðan þá hefur sveitarfélagið gefið það út að fjöldi dádýra á landinu sé ekki of mikill en bændur halda öðru fram.

„Á meðan umræðan um umhverfismál og líffræðilegan fjölbreytileika stendur sem hæst, og



Besson hefur leikstýrt myndum eins og Nikita og Leon. NORDICPHOTOS/GETTY

hefur áhrif á alla heimsbyggðina, biðja veidimennirnir í Orne mig að drepa dádýr við heimili mitt! Ætli ég að biðja börnin mín að horfa á af svölunum?“ sagði Besson sem þekktur er fyrir kvikmyndir á borð við Nikita, Leon og The Fifth Element.

Besson, sem er sextugur að aldri,

hefur búið á sveitasetrinu síðan 1998. Hann hefur komið þar upp litlu kvikmyndaveri.

Lögmenn Veidimannasambandsins segja það ekki skipta máli hvort Besson skýtur dádýrin sjálfur eða ekki. Honum beri lagaleg skylda til að leyfa veiðimönnum að grisja stofninn. – klg

+PLÚS



Skipt er um sólarrafhlöður geimstöðvarinnar. Geimfarinn Christina Hammock Koch lauk við fyrstu geimgönguna af tíu sem eru fyrirhugaðar til að uppfæra Alþjóðlegu geimstöðina á nærbraut um jörðu. Stöðin er samstarfsverkefni sex geimferðastofnana: Bandaríkjanna (NASA), Brasilíu, Evrópu (ESA), Japans og Rússlands. Texasbúinn og geimfarinn Christina Hammock Koch er rafmagnsverkfræðingur.



Frjálslyndir Demókratar í Bretlandi settu kosningabaráttu sína formlega í dag. Jo Swinson, leiðtogi Frjálslyndra demókrata í Bretlandi, hefur í mörgu að snúast í kosningabaráttunni. Þetta eru hennar fyrstu kosningar sem leiðtogi Frjálslyndra demókrata. Kosnið verður til þings 12. desember 2019. Flokkurinn lofar áframhaldandi veru í Evrópusambandinu.



Úlfaldakaupmenn á hinum árlega Pushkar-markaði í gær. Markaðurinn er í bænum Pushkar, í Rajasthan-fylki í Norðvestur-Indlandi. Það nær yfir stærstan hluta Thar-eyðimerkurinnar. Markaðurinn er einn sá stærsti sinnar tegundar í heiminum með um 50.000 úlfalda.



Fílahirðir framkvæmir helgisíði áður en boðnir verða á ný fílatúrar á Pobitora-verndarsvæðinu fyrir villt dýr á bökkum Brahmaputra-árinna í norðausturhluta Indlands. Verndarsvæðið var opnað aftur fyrir ferðamenn í gær eftir að hafa verið lokað yfir monsúntímann. Þar eru finnst líka flestir einhyrndra nashyrninga í heiminum.



Austurrísk-bandaríski leikarinn Arnold Schwarzenegger tekur myndir með snjallsíma af bandarísku leikkonunni Lindu Hamilton og kólumbísku leikkonunni Natalíu Reyes á frumsýningu kvikmyndarinnar Terminator: Dark Fate í Tókýó í Japan í gær. Í sögupræði myndarinnar hefur Sarah Connor snúið aftur, tveimur áratugum eftir atburðina í Judgment Day.


nar, Ragnheiður, Daníel, Þorsteinn, Guðný, Lilja, Guðjón, Páll, Ólöf, Eva, Hulda, Davíð, Sólveig, Sveinn, Steinunn, Unnur, Birgir, Þórunn, Óskar, Þóra, Kolbrún, Alexandra, Berglind, Bryndís, Karl, Ásdís, Jóhannes, Jóna, Íris, Haukur, Andri, Hrafnhildur, Ásgeir, Justyna, Elfa, Haraldur, Róbert, Birna, Linda, Ágúst, Erna, Kjartan, Smári, Tómas, Þórdís, Jónína, Þórður, Friðrik, Hörður, Edda, Valgerður, Júlíana, Guðlaug, Aron, Bjarki, Hanna, Atli, Halla, Tanya, Sigurbjörg, Baldur, Rúnar, Anton, Kristjana, Sandra, Karen, Brynjar, Benedikt, Hafdís, Lára, Hjördís, Harpa, Alexander, Björgvin, Örn, Hrefna, Rósa, Hólmfríður, Andrea, Aðalheiður, Björgvin, Brynja, Ragnhildur, Gunnhildur, Stefanía, Tinna, Helena, Ingvar, Sævar, Sindri, Ingólfur, Snorri, Gyða, Reynir, Arna, Ágústa, Kári, Halla, Garðar, Laufey, Kristófer, Haukur, Hlynur, Þórir, Elsa, Ingunn, Þórarinn, Rannveig, Jakob, Þorbjörg, Dagný, Hafsteinn, Svava, Sóley, Ása, Tryggvi, Grétar, Vilhjálmur, Ari, Hjalti, Jón, Guðrún, Anna, Sigurður, Guðmundur, Sigríður, Kristín, Arndís, Gunnar, Margrét, Einar, Magnús, Ingibjörg, Artur, Kristján, Hannes, María, Stefán, Jóhanna, Jóhann, Björn, Jean, Elín, Árni, Bjarni, Ásgerður, Pétur, Arnar, Katrín, Kristinn, Guðbjörg, Ásta, Hildur, Erla, Daði, Gísli, Ragnar, Ragnheiður, Daníel, Þorsteinn, Bjartur, Páll, Ólöf, Eva, Hulda, Davíð, Sólveig, Sveinn, Steinunn, Elísabet, Inga, Auður, Unnur, Birgir, Þórunn, Óskar, Berglind, Ófeigur, Bryndís, Karl, Ásdís, Jóhannes, Jóna, Íris, Haukur, Sara, Halldóra, Andri, Hrafnhildur, Ásgeir, Róbert, Birna, Linda, Ágúst, Erna, Kjartan, Ýr, Tómas, Þórdís, Sigurjón, Jónas, Jónína, Þórður, Friðrik, Hörður, Edda, Valgerður, Guðlaug, Aron, Bjarki, Hanna, Atli, Sigurbjörg, Rakel, Hilmar, Eiríkur, Nadezda, Baldur, Rúnar, Böðvar, Kristjana, Brynjar, Benedikt, Hafdís, Lára, Hjördís, Harpa, Ásgerður, Alexander, Björg, Fannar, Sverrir, Egill, Guðni, Örn, Sigurbjörg, Sigríður, Aðalheiður, Björgvin, Brynja, Ragnhildur, Stefanía, Tinna, Andrea, Ómar, Áslaug, Helena, Agnes, Ingvar, Sævar, Snorri, Reynir, Arna, Sebastian, Ágústa, Kári, Halla, Garðar, Laufey, Kristófer, Viktor, Hafþór, Sigurlaug, Hlynur, Þórarinn, Rannveig, Axel, Jakob, Þorbjörg, Dagný, Hafsteinn, Torfi, Svava, Sóley, Ása, Tryggvi, Ívar, Ingi, Soffía, Grétar, Ari, Hjalti, Jón, Guðrún, Anna, Sigurður, Guðmundur, Sigríður, Kristín, Gunnar, Margrét, Arnaldur, Helga, Ólafur, Magnús, Ingibjörg, Kristján, María, Stefán, Jóhanna, Jóhann, Björn, Elín, Árni, Kevin, Bjarni, Helgi, Halldór, Pétur, Arnar, Kristinn, Guðbjörg, Ásta, Hildur, Erla, Gísli, Ragnar, Ragnheiður, Daníel, Þorsteinn, Guðný, Lilja, Guðjón, Páll, Ólöf, Eva, Sólveig, Sveinn, Steinunn, Elísabet, Inga, Auður, Unnur, Birgir, Þórunn, Indriði, Óskar, Þóra, Kolbrún, Berglind, Bryndís, Jóhannes, Jóna, Íris, Haukur, Erling, Sara, Halldóra, Andri, Hrafnhildur, Ásgeir, Eiður, Haraldur, Róbert, Birna, Linda, Ágúst, Garðar, Tómas, Þórdís, Arnór, Sigurjón, Jónas, Jónína, Þórður, Friðrik, Hörður, Edda, Valgerður, Guðlaug, Aron, Selma, Atli, Sigurbjörg, Rakel, Hilmar, Eiríkur, Baldur, Rúnar, Kristjana, Sandra, Karen, Brynjar, Benedikt, Hafdís, Lára, Birta, Alexander, Björg, Sverrir, Egill, Guðni, Örn, Hrefna, Rósa, Hólmfríður, Aðalheiður, Lína, Björgvin, Krzysztof, Brynja, Ragnhildur

5.883.506 þakkir! Þið vitið hver þið eruð.

Viðskiptavinir Orkunnar hafa nú afhent Votlendissjóðnum **5.883.506 kr.** sem safnast hafa sl. 4 mánuði. Með því að fylla aftur upp í skurði sem hafa lokið hlutverki sínu endurheimtum við votlendið. Það er áhrifarík, einföld og ódýr leið sem skilar strax árangri. **Takk fyrir að velja áhrifaríkustu leiðina.**



Allar nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á orkan.is



UEFA
**EUROPA
LEAGUE**

MAN. UTD



PARTIZAN

Í KVÖLD 19:50



Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817



Fjármunir hafa verið að færast úr virkri stýringu í óvirka stýringu á síðustu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Skattaafsláttur vegna hlutabréfa á dagskrá

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins stefna að því að leggja fram frumvarp í næstu viku sem miðar að innleiðingu skattaafsláttar vegna hlutabréfakaupa. Ætlað að hvetja til þátttöku almennings á hlutabréfamarkaði og auka þannig virkni.

Stór hluti þingflokks Sjálfstæðisflokksins stendur að baki frumvarpi þar sem skattalegir hvatar til hlutabréfakaupa fyrir almennig eru innleiddir. Stefnt er að því að leggja frumvarpið fram í næstu viku, að sögn Óla Björns Kárasonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins og formanns efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

„Íslenski hlutabréfamarkaðurinn er ekki nægilega öflugur. Það hefur verið bent á hversu stórt hlutverk lífeyrissjóðirnir leika á íslenskum hlutabréfamarkaði en ég tel að verkefnið snúist ekki um að draga úr þátttöku lífeyrissjóðanna á markaðinum heldur efla og auka þátttöku annarra fjárfesta, og ekki síður almennings. Það er hægt að gera með því að innleiða hér að nýju skattalega hvata til hlutabréfakaupa fyrir almennig," segir Óli Björn í samtali við Fréttablaðið.

Í umfjöllun Markaðarins í gær lýstu stórir einkafjárfestar og forstöðumenn hjá hlutabréfasjóðum áhyggjum yfir því að virkum þátttakendum á hlutabréfamarkaðinum hefði fækkað. Bent var á að lífeyrissjóðir hefðu dregið úr eign

Það kæmi mér á óvart ef menn væru andvígir því að styðja við bakið á almenningi í því að kaupa hlutabréf.

Óli Björn Kárason, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis

sinni í hlutabréfasjóðum og að hluthöfum í skráðum félögum færi fækkandi.

Skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa var lagður til í Hvítbókinni um fjármálakerfið sem leið til þess að efla virkni hlutabréfamarkaðarins. Þar var bent á að þegar hlutabréfamarkaðurinn var byggður upp á tíunda áratug tuttugustu aldar hefði almennigur verið hvattur til hlutabréfakaupa með skattahvötum. Afslátturinn var síðan lækkaður í skrefum og afgangurinn uppi á aldarmótum.

Aðspurður segir Óli Björn að hann búist ekki við því að frumvarpið mæti mikilli mótstöðu á Alþingi. „Það kæmi mér á óvart ef

menn væru andvígir því að styðja við bakið á almenningi í því að kaupa hlutabréf í skráðum félögum með því að veita skattalegar ivilnir. Ég trúi ekki að menn leggist gegn því," segir Óli Björn.

MSCI, eitt stærsta vísitölufyrirtæki heims, mun í dag greina frá því hvort hlutabréf félaga, sem skráð eru á íslenska hlutabréfamarkaðinum, verði gjaldgeng í vísitölur fyrirtækisins. Ef niðurstaðan er jákvæð verður Ísland fyrst um sinn í flokki vaxtarmarkaða.

Í umfjöllun Markaðarins var haft eftir Jóhanni Möller, forstöðumanni hlutabréfa hjá Stefni, að allar líkur væru á því að markaðurinn myndi fá aukna athygli frá erlendum fjárfestum þegar og ef hann verður gjaldgengur í vísitöluna í vor. Hann tók dæmi um vísitölusjóð í stýringu sjóðstýringarrisans Blackrock. Fjárfestingar sjóðsins fylgja Frontier-vísitölu MSCI og ef hann ákveður að fjárfesta á íslenska markaðinum í samræmi við stærð markaðarins í vísitölunni muni hann þurfa að kaupa íslensk hlutabréf fyrir 5,6 milljarða króna.

thorsteinn@frettabladid.is

Útlit fyrir að fastir vextir íbúðalána hækki

Útlit er fyrir að fastir vextir íbúðalána muni hækka þrátt fyrir vaxtalækkunina sem Seðlabanki Íslands greindi frá í gær, að sögn Agnars Tómasar Möller, sjóðsstjóra hjá Júpiter.

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands ákvað í gær að lækka vexti bankans um 0,25 prósent og verða meginvextirnir því þrjú prósent. Vextir bankans hafa lækkað um 1,5 prósent frá því í maí á þessu ári. Skýrt kom fram í tali seðlabankastjóra og aðalhafgæðings að ekki væri útlit fyrir frekari vaxtalækkunir, gangi spár bankans eftir. Þótt vextir Seðlabankans hafa lækkað líkt og búist var við, fóru skilaboðin öfugt ofan í skuldabréfamarkaðinn.

„Viðbrögð markaðarins hafa verið á þá leið að raunvextir hafa hækkað nokkuð skarpt, ekki síst á sértrygðum skuldabréfum og öðrum vel tryggum skuldabréfum, og því má reikna með að fastir vextir íbúðalána geti tekið að hækka á ný á



Agnar Tómas Möller, sjóðsstjóri hjá Júpiter.

næstunni sem og vextir fyrirtækja sem hyggjast fjármagna sig á skuldabréfamarkaði," segir Agnar í samtali við Fréttablaðið. Hann segir að á sama tíma og Seðlabankinn sé að lækka vexti sé hann einnig að senda skýr skilaboð um að raunvaxtaaðhald muni ekki lækka horft fram á veginn.


Aðhaldsstig Seðlabankans hverju sinni er mælt með svokölluðum virkum vöxtum Seðlabankans að frádreginni verðbólgu, það er svokallað raunvaxtastig peningastefnunnar. Agnar segir að aðstæður í hagkerfinu hér heima og erlendis stýri að mestu hvert hæfilegt aðhaldsstig sé hverju sinni ásamt verðbólguvæntingum. Hann bendir á að bankinn spái 2,2

prósenta verðbólgu eftir eitt ár sem er aðeins herra en verðbólguálag á skuldabréfamarkaði til sama tíma.

„Haldist vextir bankans óbreyttir og verðbólguþá bankans og markaðarins rætist, mun því raunvaxtaaðhald bankans vera um 0,8 prósent, og reyndar nokkuð herra því virkir vextir eru í dag hærri en þriggja prósent viðmið Seðlabankans. Síðastliðin tvö ár hefur raunvaxtastig bankans verið um 1,05 prósent að meðaltali, og því er ekki hægt að segja að aðhald bankans sé að minnka mikið. Auk þess eru vaxtalækkunir bankans einungis að hluta að miðlast í lánskjör heimila og fyrirtækja," segir Agnar.

„Ég held að bankinn sé ekki að lesa rétt í stöðuna, sérstaklega þá örvun sem núverandi vaxtastig er að gefa hagkerfinu. Það er ofsögum sagt að vaxtalækkunir bankans séu að styðja mikið við hagkerfið enda munu raunvextir bankans að óbreyttu litið lækka." – pff

HVAR ER DRAUMURINN?



Draumaþjófurinn

**ÞAÐ VERÐUR
MARGT Á SEYÐI:**


- Happdrætti
- Geggjuð rottukaka
- Áritun og knús
- Upplestur með tilprifum!

ÚTGÁFUPARTÍ
Í DAG
KL 18:00
Í VERSLUN OKKAR Í
KRINGLUNNI

„ÉG ÆTLA AÐ LESA
UPP ÚR NÝJU
BÓKINI MINNI & ÁRITA
FYRIR GESTI“

VILDARVERÐ:
3.999.-
Verð:
4.999.-

**ALLIR
VELKOMNIR!**



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími vildarverðs er til og með 10. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Kringlan

Kviss, bamm, BÚMM!

MIDNÆTUR SPRENGJA

KL. 10-24 **20-70%** AFSLÁTTUR

– VERSLANIR & VEITINGASTAÐIR –

Fullt af allskonar á afslætti og skemmtidagskrá fram eftir kvöldi.
Veitingar, kynningar og glaðningar við hvert fótímal í göngugötu.

BARNADAGSKRÁ KL. 16-19

Fritt á barnamyndina
HVOLPASVEITIN í Sambíó
kl. 16 á meðan húsrúm leyfir

ANDLITSMÁLUN,
NAGLALÖKKUN og **TATTOO**



Kátir krakkar fá **EMMESS ÍS**

ÍPRÓTTAÁLFURINN og vinir hans
skemmta gestum og gangandi

KAFFI frá Kaffitár fyrir þá fullorðnu

KVÖLDDAGSKRÁ FRÁ KL. 19

Fyrstu 600 gestir fá **GJAFAPOKA** með veglegum gjöfum frá verslunum og veitingastöðum í Kringlunni. Aðalvinningar eru Kitchen Aid hrærivél frá Kúnígúnd og kaffivél frá Nespresso.

KL. 19:00 **SVENNI ÞÓR** og **BENNI BRYNLEIFS** skemmta matargestum hjá Stjörnutorgi og Kringlutorgi

KL. 20:00 **ARNAR JÓNSSON** söngvari flytur ljúfa tóna

KL. 21:30 **EMMSJÉ GAUTI** skemmtir ásamt **KRÓLA**
SIGGA KLING spáir fyrir gestum



Veitingar í boði um allt hús og **BÚBBLUBÍLLINN** á svæðinu, hár- og snyrtidekur fyrir gesti ásamt fjölbreyttum kynningum. **DJ ANNA RAKEL** heldur uppi fjörinu allt kvöldið.

Nú er tækifærið til að gera góð kaup fyrir jólin á skemmtilegasta kvöldi ársins!



OPIÐ Í DAG TIL MIDNÆTTIS


Skannaðu kóðann eða farðu á kringlan.is til að finna nánari dagskrá, tilboð og afslætti á Miðnætursprengju.



KONTOR BEKJAVIK

TILVERAN

Hlutfall fullorðinna sem finnur oft eða mjög oft fyrir einmanaleika



Ungt fólk víða einmana

Einmanaleiki er ekki bara áberandi hjá ungu fólki á Íslandi heldur víðar um heiminn. Á síðasta ári leiddi landskönnun í Bandaríkjunum í ljós að flestir fullorðnir Bandaríkjamenn eru einmana. Þátt-

takendur í könnun Cigna voru rúmlega 20.000 Bandaríkjamenn eldri en 18 ára. Könnunin leiddi í ljós að yngsti aldurshópurinn er mest einmana. Svipað er uppi á teningnum í Bretlandi

samkvæmt nýrri könnun YouGov, sem segir aldamótakynslóðina vera mest einmana. Alls sögðust 30% aldurshópsins 23-28 ára vera alltaf eða oft einmana. Einn af hverjum fimm í þessum aldurshópi

sagðist ekki eiga neina vini en 27% enga nána vini og 30% engan besta vin. Þessar tölur voru mun hærri hjá þessum hópi en í öðrum aldurshópum.

Skiljum engan eftir

Ungt fólk í aldurshópnum 18-24 ára er sá hópur sem finnur mest fyrir einmanaleika á Íslandi. Ungir karlmenn eru mest einmana. Einmanaleiki hefur heilmikil áhrif á bæði andlega og líkamlega heilsu fólks.

Inga Rún Sigurðardóttir
ingarun@frettabladid.is



Það er frekar nýtt innan lýðheilsunnar að farið sé að líta á einmanaleika sem sérstakan áhættuþátt,“ segir Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sálfræðingur og sviðsstjóri Lýðheilsusviðs hjá Embætti landlæknis.

„Þegar við skoðum hvaða þættir hafa áhrif á hamingju og vellíðan kemur skýrt í ljós að það eru félagsleg tengsl sem skipta mestu máli,“ segir Dóra.

Verri áhrif en reykingar

Bretar hafa spurt um einmanaleika í sínum könnunum um árabíl. Það þótti öflugast að spyrja um félagsleg tengsl með því að spyrja um skort á þeim og þá sérstaklega um þennan þátt.

„Það eru komnar rannsóknir sem sýna fram á það að einmanaleiki, skortur á félagslegum tengslum og félagsleg einangrun hefur ekki bara slæm áhrif á andlega heilsu heldur verri áhrif á líkamlega heilsu en

tóbaksreykingar,“ segir Dóra.

„Það má líta á þetta sem lýðheilsuvandamál og verður til þess að Bretar tilnefna ráðherra einmanaleikans. Ég veit ekki hvort það er besta niðurstaðan en það þarf allavega að leggja áherslu á þetta og finna leiðir til að rjúfa þessa félagslegu einangrun og hjálpa fólki að tengjast,“ segir hún.

Félagsleg tengsl mikilvæg

Íslendingar hafa komið vel út í hamingjukönnunum og Dóra er stundum spurð hvort það geti verið satt að landinn sé í alvöru svona hamingjusamur. „Við vitum að þessi félagslegu tengsl eru mikilvæg fyrir hamingjuna. Um 80% Íslendinga búa í innan við klukkutíma fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Það er líklegt að langflestir eigi auðvelt með að hitta þá sem þeim eru kærir,“ segir hún en þetta er oft ekki raunin víða erlendis.

„Það er í flestum tilfellum ekki vegalengdir sem koma í veg fyrir að við getum verið í nánum samskiptum,“ segir hún en enn fremur er t.d. öflugt foreldrarstarf í kringum tómsundur barna og í skólum á Íslandi.

Kom á óvart

Þegar Embætti landlæknis fór að mæla einmanaleika, kom einna mest á óvart að yngsti hópur fullorðinna væri mest einmana. Fólkið sem væri dottið út af vinnumarkaði, jafnvel búið að missa maka, að það væri að einangrast, það var búið að vera mikil umræða um það,“ segir Dóra.

„Kannski er eldra fólk á Íslandi duglegra að halda félagslegum tengslum. Þó það sé einmanaleiki þar var hann ekki mestur þar, hann var meiri hjá yngri fólki og mestur hjá ungum karlmönnum,“ segir Dóra.

Önnur einkenni hjá körlum

Hún segir að oft sé talað um að konur séu með meiri kvíða og dep-

Fimm venjur gegn einsemd

Bandariski rithöfundurinn Gretchen Rubin hefur skrifað vinsælar bækur um hamingjuna og leitina að henni eins og The Happiness Project og Happier at Home og er vel meðvituð um tengingu góðra félagslegra tengsla við hamingjuna. Hún hefur enn fremur skrifað bók um vana, Better Than Before, og hefur velt fyrir sér hvaða vana væri hægt að temja sér til að stuðla að góðum félagslegum tengslum. Hvað hentar hverjum fer til dæmis eftir aldri og áhugamálum.

Gerðu að vana að tengjast öðru fólki Þetta er kannski augljóst en mikilvægt. Farðu með vinnufélaginu í mat, taktu þátt í leshring, gakkstu í kór, farðu á jóganámskeið eða í gönguklúbb.

Gerðu að vana að endurskoða líf þitt

Ef þú ert einmana, skoðuðu virkilega hvað veldur. Er það út af því að þú saknar þess að eiga besta vin, eða að vera hluti af hóp? Eða saknar þú þess að eiga maka, eða hafa þægilega nærveru hins kunna í kringum þig á heimilinu? Það eru til margar gerðir af einmanaleika. Það er ef til vill ekki skemmtilegt að hugsa um þetta en um leið og þú skilur hvers þú saknar er auðveldara að takast á við vandamálið.

Gerðu að vana að hlúa að öðrum

Þú getur boðist til að passa börn nágretta einu sinni í viku, farið út að ganga með hund nágretta, haldið matarboð, miðlað af þekkingu þinni á námskeiði, fengið þér gæludýr eða hjálpað meira til við heimilisstörf. Það að gefa öðrum stuðning hjálpar til við að skapa tengsl. Fyrir hamingju er mikilvægt að veita stuðning, rétt eins og að fá hann.

Gerðu að vana að vera með opinn huga

Því miður getur einmanaleiki gert það að verkum að fólk verður neikvæðara, gagnrýnna og dómharðara. Fólk sem finnur fyrir einsemd virðist ekki vera eins opið fyrir nýjum vinskapi og aðrir. Ef þú telur að einmanaleikinn sem þú finnur fyrir hafi áhrif á þig á þessa vegu, skaltu berjast markvisst á móti því.

Gerðu að vana að fá góðan svefn

Einmanaleiki og slæmur svefn geta tengst og það getur verið merki um einsemd að vera lengi að sofa, vakna oft á nóttunni og vera þreyttur á daginn. Það að vera svefnvana er slæmt fyrir andlega heilsu, hefur áhrif á orkuna og getur valdið veikindum. Þetta hefur áhrif á allt annað svo það er mikilvægt að hafa svefninn í lagi.

urðareinkenni og þá sé stundum gert ráð fyrir að þær séu með verri geðheilsu en karlmenn.

„En ég held að það séu bara önnur einkenni að hrjá karlmenn en konur. Það er mikilvægt að við hugum að því að spyrja fjölbreytt í könnunum. Við getum ekki bara horft á einhvern einn þátt og gert ráð fyrir því að ef kvíði sé meiri hjá stelpum, þá sé geðheilsan verri hjá þeim.“

Hún segir að það væri áhugavert að skoða betur af hverju strákar upplifi meiri einmanaleika en stelp-

ur en uppi séu alls konar getgátur.

„Það er talað um að stelpur eigi auðveldara með að mynda nán tengsl. Það er búið að ala þær upp þannig að þær megi vera meiri tilfinningaverur og þær eiga kannski dýpri tilfinningasambönd en strákar. Vonandi erum við að vinna úr þessu því það bendir allt til þess að strákar séu alveg jafn miklar tilfinningaverur og stelpur. Við höfum bara ekki leyft þeim að vera eins miklar tilfinningaverur og þá einangrast þeir frekar tilfinningalega.“



STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

JÓLA FJÖR



með

Bergrúnu Írisi

1. desember, kl. 17.00
Silfurberg

STJÓRNANDI OG ÚTSETJARI
Haukur Gröndal

GESTASÖNGVARI
Ragnheiður Gröndal



TILVERAN

Tölvuleikur til gagns

Hún segir líka að vitað sé að strákar séu meira í tölvuleikjum en stelpur sem geti leitt til félagslegrar einangrunar en það er líka mikilvægt að líta til þess að tölvuleikirnir geti ýtt undir samskipti hjá strákum. Þeir sem spila saman tali einnig saman á meðan tölvuleikur séu spilaðir og ákveði jafnvel í gegnum spjall í tölvuleik hvenær eigi að hittast og fara í sund eða fótbolta. Því sé einnig í sumum tilvikum hægt að einangrast eflækjastólva og nýjustu leikirnir eru ekki til staðar.

„Það að segja að skjár sé slæmur og tölvur slæmar, þetta er alls ekki svona einfalt. Það er hægt að þróa með sér tilfinningagreind og allt mögulegt í gegnum tölvuleiki.“

Það er því ekki vitað af hverju þessi kynslóð er svona einmana og frekari rannsókn er þörf.

„Við vitum ekki hvort þetta er tengt aldrinum; hvort fólkid sem er orðið fullorðið í dag hafi verið meira einmana þegar það var á þessum aldri. Það þurfum við að skoða. Ég myndi alveg halda að það gæti verið þannig að það tengist aldrinum,“ segir hún en einmanaleikinn og hamingja haldast í hendur.

„Við erum með mesta einmanaleikann og minnstu hamingjuna hjá ungum karlmönnum. Það er ekki sami munur á elstu hópnum hjá konum og körlum.“


Velsæld eða farsæld

Dóra segir að það sé munur á velsældar- og farsældarhamingju. „Velsæld tengist stundargleði og ánægju, farsældarhamingja tengist meira þroska og tilgangi í lífinu og verður til eftir að fólk hefur gengið í gegnum eitthvert ferli. Sá þáttur hamingjunnar er sterkari hjá eldra fólki. Það er þakklátara. Það er komið með einhverja reynslu og sækist ekki eins eftir stundarsælu og hefur meiri þrautseigju. Mat fólks á hamingju og hvað það er sem gerir það hamingjusamt er ólíkt á milli þessara aldurshópa. Það kemur ákveðið æðruleysi með þroska og aldri. Hvað öðrum finnst skiptir minna máli,“ segir Dóra.

Sérstakir spjallkassar

Hún segir mikilvægt að skapa náttúruleg tækifæri fyrir fólk að hittast og er ekkert sérstaklega hrifin af sjálfsafgreiðslukössum í verslunum. „Ég held það sé ekki sniðugt. Það eru komnir sérstakir kassar í Hollandi, þar sem er hægt að gefa sér tíma til að spjalla. Þetta er ekki hraðkassi, heldur öfugt, svona spjallkassi,“ segir hún.

„Við þurfum að vera meira vakandi fyrir því hvernig við sem samfélag búum til tækifæri fyrir fólk til að hittast. Lífið snýst ekki um að hlaupa í gegnum það, heldur að stoppa og njóta. Hraðkassinn er



Bregðumst við í framhaldsskóla

Krakkar í menntaskóla eru oftast ekki farin úr sínu uppeldishverfi og það verður stundum rof í vinnuþróun á þessum tímamarki, þegar vinir tvístrast hver í sína áttina. Þess vegna þarf að fylgjast vel með unglingum á þessum aldri.

Eins og fram kom í Tilveruþróun Fréttablaðsins síðasta fimmtudag er markviss kennsla í félags- og tilfinningafærni áberandi minnst í framhaldsskólum. Þetta kom fram í landskönnun á geð-

rækt í skólum, sem Embætti landlæknis gerði. Þar kemur enn fremur fram að framhaldsskólar standi bæði leik- og grunnskólum að baki þegar kemur að gagnasöfnun um líðan og hagi nemenda. 70% framhaldsskóla leggja fyrir árlegar nemendakannanir til að meta líðan og skólalag á móti yfir 90% grunnskóla.

Kannanirnar virðast vera vannaþyrntar í framhaldsskólum en rétt um einn af hverjum tíu gerir slíkar kannanir og bregst

við með stuðningi ef merki eru um félagslega einangrun eða útlökun meðal nemenda.

Í ljósi þess að margir framhaldsskólar eru með fjölbrautakerfi þar sem nemendur eru með ólíkum hópum í hverju fagi og auðvelt er að „týnast“ í fjölmennum skólum væri gagnlegt að nýta tengslakannanir betur á þessu skólalag. Þær veita tækifæri til að fá yfirsýn yfir þann hluta nemenda sem hefur veikt tengsl við samnemendur eða starfsfólk í skólanum.

Við þurfum að vera meira vakandi fyrir því hvernig við sem samfélag búum til tækifæri fyrir fólk til að hittast. Lífið snýst ekki um að hlaupa í gegnum það, heldur að stoppa og njóta.

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir



ekki endilega málið, heldur að gefa sér tíma til að staldra við og spjalla. Sérstaklega fyrir fólk sem enginn bíður eftir heima.“

Sífelld fleiri búa einir en það að vera einn er alls ekki það sama og að vera einmana. Það er vel hægt að líða vel með sjálfum sér og það er líka hægt að vera einmana með öðrum, þegar þessi djúpu félagslegu tengsl skortir.

„Við eigum miserfitt með að mynda tengsl. Sumir eiga mjög auðvelt með það en aðrir ekki. Sumir hafa þörf fyrir að eiga bara einn góðan vin á meðan það hentar ekki öðrum. Þarfirnar eru ólíkar.“

Margir eiga góða fjölskyldu sem er mikilvægur þáttur í félagslegum tengslum þeirra.

Bros í göngutúr

„En það eiga ekki allir fjölskyldu sem þeir tengja við. Við þurfum að hugsa um hvernig við sköpum samfélag þar sem við gefum öllum tækifæri til þess að vera í gefandi samskiptum við annað fólk,“ segir Dóra sem er efins um það að taka manneskjur út úr öllum þjónustustörfum, „og vélvæða allt saman svo við komumst sem hraðast í gegnum þetta allt og missum kannski af því sem skiptir máli. Lífið er þetta ferðalag og við þurfum að læra að njóta þess. Við þurfum að vera meðvitaðri um fólkid í kringum okkur og heilsa fólkinu í kringum okkur. Bara það að fá bros í göngutúr lætur mann upplifa tengsl við annað fólk, að maður skipti máli. Það er einhver sem tekur eftir manni,“ segir hún en auðvitað þarf meira til en bros en það er samt eitthvað sem allir geta gefið.

Dóra vill búa í samfélagi sem hlúir að fólki. „Við þurfum líka að hugsa út í alla nýju Íslendingana, að bjóða þeim með, og líka fólki sem er að glíma við eitthvað. Það er mikilvægt að fólk eigi sér sinn samastad þar sem það getur komið og myndað tengsl. Skiljum engan eftir, látum okkur alla varða og tókum þá með.“

Jákvæðni margra meina bót



Hæ? kunna sumir að segja, á meðan aðrir eru mér hjartanlega sammála. Það eru meira að segja til rannsóknir sem sýna fram á að jákvætt og hamingjusamt fólk er líklegra til að hafa sterkara ónæmiskerfi, jafna sig hraðar á áföllum og veikindum auk þess að sjá tækifæri í því sem aðrir gætu upplifað sem vandamál sem er ótvíræður kostur og gífurlega mikilvægt.

Hlátur er líklega eitt besta meðalið sem við þekkjum og því nauðsynlegt fyrir okkur að hlæja nokkrum sinnum á dag. Það lækkar blóðþrýsting og vikkar æðarnar með hjálp nitroxíðs, lækkar streituhormón eins og kortisol og leysir úr

læðingi endorfin sem er náttúrulegt verkjalyf líkamans. Þá er einnig búið að sýna fram á aukna T-frumu virkni ónæmiskerfisins og þar af leiðandi bætta varnir við smitsjúkdómum, fyrir utan þá gleði sem fylgir því að hlæja og vera í kringum fólk sem brosir og geislar af velliðan. Hláturjoga er til dæmis eitt form sem er mjög áhrifaríkt og heilsuþætandi, fyrir utan hvað það er skemmtilegt.

Þetta getur vissulega reynst erfitt og ýmislegt sem hefur áhrif hér á, það er margt sem getur byrgt sýn, við getum kennt öðrum um ófarir og aðstæður, gengið gegn eigin sannfæringu og samvisku, þóknast öðrum og gleymt sjálfum okkur. En á endanum er það líklega takmark okkar allra að láta okkur líða vel og það erum fyrst og fremst við sjálf sem stýrum því. Á sama tíma megum við ekki gleyma náunganum, aðstæðum hans og því að láta gott af okkur leiða, svo þetta getur reynst býsna flókið.

Eitt af grundvallaratriðunum við hamingju er umgengni við annað fólk á öllum aldri og samskipti við þá sem standa manni næst. Rannsóknir hafa staðfest að sterk félagsleg tengsl eru einn sterkasti þátturinn sem stuðlar að góðri líkamlegri og andlegri heilsu. Það á við um eiginlega alla og því mikilvægt að rækta þau sem mest og best. Gerðu þér far um að hitta vini og kunningja, fjölskyldu og vini, taktu þátt í félagsstarfi eða skipulögðum athöfnum hvers kyns. Einmanaleiki er eitur og ber að forðast eins og heitan eldinn. Það er mikill munur á því að vilja vera einn og njóta kyrrðar og friðar eða vera einmana og upplifa sig afskiptan.


Ég hef haldið fyrirlestra undanfarið um það að njóta lífsins, fléttað saman við heilsufar og áhættuþætti þess, þar sem hafa spunnist lífligar umræður um samhengi hlutanna. Nær undantekningarlaust hafa komið upp nýir fletir, sjónarmið og hugmyndir frá áheyrendum sem sýnir hversu mikilvæg

andleg og líkamleg líðan okkar er. Það er hægt að fylla margar greinar um einstaka sjúkdóma og tengingu þeirra við líðan einstaklingsins bæði sem orsök og afleiðingu. Máttur hugans er mikill og hefur það sýnt sig ítrekað í gegnum tíðina að sjálfstraust og viljastyrkur þarf ekki að vera í neinu samhengi við líkamlegt atgervi, en fari slíkt saman verður það verulega áhugavert.

Það er vitaskuld ekki til nein ein leið að settu marki, enda óraunsað, hitt er þó ljóst að það eru ákveðin lykilmáttur sem allir verða að hafa í huga. Hugsaðu um sjálfan þig því einungis þannig getur þú hugsað um aðra, gerðu alltaf þitt besta og vertu stolt/ur af því, sýndu þolinmæði og þrautseigju. Hugsaðu jákvætt og gefðu bros og hlýju, þú færð það margfalt til baka!

Teitur Guðmundsson læknir

 Doktor.is



25%
afsláttur
af öllum förðunar-
vörum frá Maybelline

BOLD VOLUME

**MAYBELLINE DAGAR Í LYFJUM OG HEILSU
7-17. NÓVEMBER**

MAYBELLINE ER EITT VINSÆLASTA FÖRÐUNARVÖRUMERKI Í HEIMINUM Í DAG!
VIÐ BJÓÐUM FJÖLBREYTT ÚRVAL AF FRÁBÆRUM FÖRÐUNARVÖRUM SEM HENTA ÖLLUM.
KÍKTU TIL OKKAR OG FYLLTU Á ÞÍNA SNYRTIBUDDU!

GLÆSILEGUR KAUPAUKI
FYLGIÐ ÞEGAR ÞÚ KAUPIR VÖRUR
FRÁ MAYBELLINE FYRIR 3.900 KR.
EÐA MEIRA.*

*KAUPAUKI FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST Á EFTIRTÖLDUM SÖLUSTÖÐUM
MAYBELLINE HJÁ LYF OG HEILSU: KRINGLAN, GRANDI, GLERÁRTORG AKUREYRI.

MAYBELLINE
MAKE IT HAPPEN™ NEW YORK

www.lyfogheilsa.is

 **Lyf & heilsa**
Við hlustum!



Suðurhlíðar Hvítserks eru tilkomumestar og bjóða upp á alls konar litbrigði.
MYND/ÓMB

Öldungur í röndóttum náttfötum

Tómas Guðbjartsson hjartaskurð-læknir og náttúruunnandi og Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Hvítserkur er eitt sérkennilegasta fjall á Íslandi, staðsett á Víknaslóðum milli Borgarfjarðar eystra og Húsavíkur. Það er 771 m hátt og sker sig úr umhverfinu, enda ljóst ásýndum með dökkum bergæðum sem liggja þvers og kruss í gegnum fjallið. Berggangarnir stefna margir að toppi fjallsins og minna á lakkrisreimar eða röndótt náttföt, enda merkir serkur ermalaus eða ermastuttur kyrtill.

Annað nafn á þessu skemmtilega fjalli er einmitt Röndólfur en tveir aðrir Hvítserkir eru á Íslandi, annar er drithvítur klettur í sjó við botn Húnaafjarðar og hin er foss í Fitjaá í Skorradal í Borgarfirði. Það er sérstaklega suðurhlíð Hvítserks sem er mikið fyrir augað en efst ber meira á dekkra bergi. Fjallið er myndað úr ljósu og súru líparíti en í því er einnig flikrubergr, líka kallað ignimbrite. Er talið að það hafi myndast í miklu eldskýi við sprengigos og gjóskuhlaup úr Breiðuvíkureldstöðinni skammt frá. Í Hvítserk er gamalt berg sem gæti verið allt að 125-250 milljóna ára og því mun eldra en elstu hlutar Íslands sem hingað til hafa verið taldir 16 milljóna ára. Röndólfur gæti því verið ókrýndur öldungur í íslenski jarðsögu.


Það er auðvelt að komast að rótum Hvítserks en frá Bakkagerði í Borgarfirði eystra liggur jeppavegur meðfram fjallinu inn að Húsavík og áfram í Loðmundarfjörð. Auðveldast er að ganga á fjallið efst af hryggnum milli Borgarfjarðar og Húsavíkur og tekur uppgangan ekki nema rúma klukkustund. Aðrar og lengri gönguleiðir eru einnig í boði, t.d. upp úr Breiðuvík og er þá gengið fram hjá fjalli sem heitir því skemmtilega nafni Hákarlshaus. Er þá komist upp á Hvítserk bakdyramegin sem er ekki síður spennandi en suðurhlíðarnar sem síðan er hægt að ganga niður að ádurnefndum jeppavegi. Undirlagið í Hvítserk er laust í sér, sérstaklega sunnan megin, og því mikilvægt að fara varlega og notast við göngustafi. Efst er frábært útsýni yfir Víkur þar sem mest ber á Húsavík, Breiðuvík en líka Dyrfjöllum og fjallinu Skúmhatti. Loks getur verið gaman að ganga kringum Hvítserk enda ótrúlega fjölbreytt og litrík náttúra í boði hvert sem litið er.



Fókus á hjarta landsins



Gengið upp úr þoku bakdyramegin á Hvítserk. MYND/TG



Horft til norðurs í átt að Breiðuvík af tindri Hvítserks. MYND/TG

**30% afsláttur
af eldri gerðum**

**Veldu
aðeins
það
besta**

HEAD

FISCHER

**Vetrarvörurnar komnar
Full búð af nýjum vörum
20% afsláttur af öllum
skíða- og brettapökkum**



MAMMUT
SWISS 1862

SWIX

KIVI+

alpina

ziener

made by pros

EVEREST

Skeifunni 6 · www.everest.is

Skilvirkt ferli



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ekki er einkennilegt að það skuli vefjast fyrir fólki að sjá mannúðina í því að barnshafandi albanskri konu sem komin er rúma átta mánuði á leið skuli vera vísað úr landi, ásamt tveggja ára barni sínu og eiginmanni. Það er einfaldlega ekkert mannúðlegt við slíka gjörð. Það breytir engu þótt forsvarsmenn Útlendingastofnunar tónglist á því að engar reglur hafi verið brotnar og bendi um leið á að þarna hafi verið um að ræða einkar skilvirkt ferli.

Það fer ekki fram hjá neinni réttisýnni manneskju að þarna var harkalega að verki staðið – eins og svo oft áður þegar í hlut á fólk sem hingað kemur frá fjarlægum löndum í leit að betra lífi. Ekkert þráir það heitar en að búa börnum sínum öruggt skjól og geta séð fyrir sér. Nokkuð sem Íslendingar ættu virkilega að gleðjast yfir að geta veitt þeim. En kerfið og reglugerðirnar gera sannarlega ekki sjálfkrafa ráð fyrir manngæsku og gestrisni. Þar er einstaklingur sem þráir betra líf bara hluti af tölfraði, enn einn í stórum hópi þeirra sem hingað leita, og helst þarf að losna við sem allra fyrst. Best þykir því að senda hann sem snarast burt með flugvél eitthvert annað. Þetta heitir víst skilvirkt afgreiðsla. Vissulega þykir fremur óþægilegt ef viðkomandi er barnshafandi kona. Það ástand hennar býður upp á að fólk sem er ekki í nægum takti við raunveruleikann og skilur ekki reglur komist í mikið tilfinningauppnám með tilheyrandi fjölmiðlaumfjöllun í upphrópunarstíl sem kallar óþarfa vesen yfir hinar ýmsu stofnanir, ekki síst Útlendingastofnun.

Hvað eftir annað blöskrar stórum hópi Íslendinga hin ómannúðlega meðferð sem fólk sem hingað leitar í neyð þarf að þola. Jafnvel þótt einstaklingar í þeirri stöðu hafi aðlagast samfélaginu, verið svo heppnir að fá vinnu og séu með ung börn sín í skóla þar sem þau blómstra þá er þeim einn daginn tilkynnt að þeir þurfi að yfirgefa landið. Skýringin sem er venjulega gefin er eitthvað í þá átt að því miður hafi kerfið ekki verið nægilega skilvirkt og fjölskyldan hafi því fengið að dvelja alltof lengi í landinu. Loks sé hins vegar búið að taka mál hennar fyrir og nú þurfi hún að hypja sig burt. Hún verði að hefja nýtt líf einhvers staðar annars staðar en hér. Það sé afar óþægilegt hversu lengi hún hafi fengið að dvelja í landinu en næsta skref sé að laga kerfið og best sé það gert með því að koma flestum sem hingað leita í neyð upp í næstu flugvél. Þannig á að búa til skilvirkt kerfi sem kemur í veg fyrir að Útlendingastofnun og aðrar stofnanir þurfi að þola ýmiss konar óþægindi og vesen.

Viljum við virkilega búa í landi þar sem hugsunin er á þessa leið? Íslendingar geta auðveldlega lagt sitt lóð á vogarskálur til að rétta fólki í neyð hjálparhönd. Vissulega er ekki hægt að hjálpa öllum, en samt svo miklu fleirum en nú er gert. Þegar ómanneskjulegar reglugerðir standa í vegi fyrir því þá er réttast að losa sig við þær.



En kerfið og reglugerðirnar gera sannarlega ekki sjálfkrafa ráð fyrir manngæsku og gestrisni.

Halldór



Frá degi til dags

Seinagangur stoðeildar
Mál albönsku fjölskyldunnar sem vísað var úr landi vakti mikla athygli. Það kemur ekki á óvart enda framkvæmdin ómanneskjuleg. Samkvæmt Útlendingastofnun sótti fjölskyldan um alþjóðlega vernd í upphafi október og um tvær vikur tók að sýnja þeirri beiðni. Þá tók stoðeild lögreglunnar, sem sér um að flytja fólkið úr landi, við. Fyrst ekki kom til greina að leyfa fjölskyldunni að dvelja hér fram yfir fæðingu hlýtur að vera á mælisvert að framkvæmd brottvisunarinnar hafi ekki verið sett í forgang. Varla tekur þrjár vikur að skipuleggja slíka aðgerð.

Versta starf landsins
Starfsfólk Útlendingastofnunar þarf að framfylgja afar harðneskjulegum lögum landsins. Til þeirra er gerð sú krafa að þau láti hjartað ráða för. Það er auðvitað fráleitt. Reidin á að beinast gegn löggjafanum en ekki þeim sem eru í þeirri stöðu að framfylgja þeim. Forstjórinn stóð sig ágætlega í að svara fyrir erfitt mál í Kastljósi í vikunni, vitandi að hann yrði úthrápað ómenni eftir þáttinn. Helst hefði hann kannski átt að sleppa því að segja að hann gæti ekki sett sig í spor fjölskyldunnar, það var kannski fullmikið. Að öðru leyti var hann ágætlega rökfastur við að verja versta starf landsins sem hann sinnir. bjornth@frettabladid.is

Arður og innviðir



Guðmundur Andri Thorsson
þingmaður Samfylkingarinnar

Á Reykjalundi hefur um árabíl verið rekin stærsta endurhæfingarstöð landsins, afar mikilvæg starfsemi til almannaheilla og löngum talin til fyrirmyndar. Að undanförunu hafa landsmenn fylgst í forundran með því hvernig þessi mikilvæga og rótgróna stofnun er í fullkomnu uppnámi eftir að stjórnin hleypti þar öllu í bál og brand. Eftir því sem næst verður komist af fréttum eru tildrög vandráðanna þessi: núverandi stjórnendur SÍBS, sem rekur stofnunina, vildu að greidd yrði leiga af húsnæðinu, en yfirlæknir lagðist gegn því, og var rekinn, með afleiðingum sem enn sér ekki fyrir endann á. Starfsemin er fjármögnuð með almannafé. Hér virðist hafa verið um að ræða afar vanhugsað frumkvæði af hálfu stjórnar Reykjalundar.

Einkaaðilar í heilbrigðisþjónustu geta svo sannarlega verið afar þarfir, og eiga að vera mikilvæg viðbót við grunnkerfið. En þeir koma ekki í stað þess. Sjálfsgætt er að nýta til almannaheilla það hugsjónaafli og þann eldmód sem fylgir iðulega áhugasamtökum á borð við SÁÁ eða Krabbameinsfélagið en gróðasjónarmið eiga ekki heima í slíkri þjónustustarfsemi. Einkaframtakið getur verið þarft en við getum ekki byggt heilbrigðiskerfið upp á því, hversu gott sem það er. Nýjar kynslóðir taka við af frumherjunum, eldmóðurinn dvínar; til áhrifa í félögum geta brotist öfl sem lita á alla starfsemi sem tækifæri til að fá arðgreiðslur. Búa þarf svo um hnútana í slíkum félögum að það geti ekki gerst.

Við þurfum að draga lærdóma af þessu máli, til dæmis þennan: Gróðasjónarmið mega aldrei ráða för við uppbyggingu velferðarkerfisins, hvort sem um er að ræða heilbrigðisþjónustu, tryggingarstarfsemi, skóla eða aðra innvið sem við byggjum líf okkar og samfélag í kringum, og fáum öll arðinn af, þótt ekki verði hann mældur í krónum og aurum.



Einkaaðilar í heilbrigðisþjónustu geta svo sannarlega verið afar þarfir, og eiga að vera mikilvæg viðbót við grunnkerfið. En þeir koma ekki í stað þess.

Gott beikon bragðast best.

- Ekkert hveiti
- Ekkert soyja
- Enginn sykur
- Ekkert MSG

Íslenskt kjöt
Íslensk framleiðsla

Pylsumeistarinn

– við Laugalæk

Er ráðherrunum bara sama?



Hanna Katrín Friðriksdóttir
Þingflokksformaður Viðreisnar

Árlega útskrifast hópur ungmenna með skerta starfsgetu af starfsbrautum framhaldsskóla. Þau koma full tilhlökkunar og vel undirbúin út í lífið en þar

mætir þeim blákaldrur veruleikinn. Sinnuleysi stjórnvalda.

Fyrir réttu ári áttu sér stað umræður í þingsal um hvað stjórnvöld gætu gert til að standa undir væntingum þessa hóps og samfélagsins um að tryggja úrræði og atvinnutækifæri. Þingmenn, þar á meðal félagsmálaráðherra, voru sammála um tvennt, það þyrfti hvata og aðgerðir frekar en orð.

Stofnaður var verkefnahópur á vegum menntamálaráðuneytisins. Það átti að bregðast hratt við. Fjárlög fyrir árið 2019 voru frágengin en

tækifærið var sagt koma að ári.

Verkefnahópurinn skilaði tillögum sínum snemma í vor. Til þeirra tillagna hefur síðan ekkert spurst. Fjárlög fyrir árið 2020 hafa hins vegar verið lögð fram og þar sjást þess engin merki að til standi að setja fjármagn í að bæta stöðu þessa unga fólks. Þar er reyndar frekar bakslag með lækkun á fjárveitingum til Fjölmennar sem m.a. sér um rekstur simenntunarstöðvar fyrir fatlað fólk.

Landsþing Proskahjálpar ályktaði nú í lok október sl. um skort á

menntunar- og atvinnutækifærum fyrir ungt fatlað fólk sem útskrifast af starfsbrautum framhaldsskóla. Þar kemur fram að í ljósi þess að nefnd á vegum menntamálaráðherra hefði farið yfir stöðu þess hóps og skilgreint fyrsta skrefið í að breyta þessum aðstæðum, vekti það undrun og vonbrigði að í fjárlögum fyrir árið 2020 væri ekki að finna þess merki að auka ætti möguleika þessara ungmenna til að fóta sig.

Stjórnvöld hafa gefið undir fótinn með að aðgerðir væru fyrirhugaðar til að fjölga tækifærum í atvinnu-

og menntamálum fyrir fötluð ungmenni og styrkja tengsl skóla við atvinnulífið til að auka atvinnutækifæri fatlaðs fólks.

Þessi hópur á rétt á því að fá upplýsingar um aðdrif tillagna verkefnahópsins sem hafa legið fyrir lengi. Þessi hópur þarf að fá að vita hvornig fyrirhugaðri fjármögnun verður háttað, fjármögnun sem er ekki tryggð í fjárlögum næsta árs.

Þessi hópur á heimtingu á staðfestingu frá ráðherrum menntamála og félagsmála á því að þau ætli að láta aðgerðir fylgja orðum.

100 ára afmæli Zonta



Ingibjörg Auðunsdóttir

Zonta International eru alþjóðleg samtök sem vinna að bættri stöðu kvenna og jafnrétti. Samtökin telja yfir 29.000 meðlimi í 63 löndum. Zontameðlimir bjóða fram hæfni sína og tíma til að styðja við staðbundin verkefni á landsvísu og alþjóðleg þjónustuverkefni, auk þess að veita námsstyrki. Á Íslandi eru sex Zontaklúbbar starfandi og félagar eru um 160.

Markmið Zonta er að bæta stöðu stúlkna og kvenna um allan heim. Zontahreyfingin er aðili að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti og valdeflingu stúlkna og kvenna, auk Pekingsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þar er meðal annars kveðið á um að útrýma skuli ofbeldi gagnvart konum, þar sem ofbeldi standi í veginum fyrir jafnrétti, þróun og friði – og geri oft mannréttindi og grundvallarfrelsi kvenna að engu. Enn er langt í land að markmiðum hafi verið náð.

Verkefni klúbbanna taka mið af grunnhugsun Zonta um að styðja konur til betra lífs og efla þær í víðum skilningi.

Af verkefnum á heimaslóð má nefna ýmiss konar stuðning við stofnanir og þjónustu sem sinna þolendum ofbeldis og baráttu gegn kynbundnu ofbeldi, auk verkefna sem styðja við aðlögun erlendra kvenna, verkefni sem styðja við menntun kvenna og efnalítlar einstæðar mæður.

Meginverkefni íslensku klúbbanna á afmælisárinu eru tvö. Alþjóðlega verkefnið er að hindra hjónabönd stúlkubarna en íslenska verkefnið er að færa Húsbyggingasjóði Kvennaathvarfsins peningagjöf.

Er þörf á stuðningi og baráttu gegn ofbeldi á Íslandi og í heiminum? Samkvæmt tölum frá UN Women eru konur og stúlkur 71% allra þolenda mansals í heiminum auk þess sem þriðja hver kona er beitt kynbundnu ofbeldi.

Á Íslandi búa um 80.000 börn og verða um 13.000 þeirra fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur, samkvæmt nýjum tölum frá Rannsókn og greiningu.

Hérlandis hefur ein af hverjum þremur konum orðið fyrir kynferðislegri áreitni eða ofbeldi í starfi eða námi, samkvæmt fyrstu niðurstöðum rannsóknarinnar Áfallasögur kvenna. Þessi staða er algjörlega óásættanleg.

Afmælisfundur verður haldinn á morgun þann 8. nóvember í Veröld – húsi Vigdísar Finnbogadóttur og á Borgum við Háskólann á Akureyri kl. 15.30. Allir velkomnir.

TILBOÐ

FRÁBÆR TILBOÐ ÚT ALLAN NÓVEMBER

SWITCH LITE
Mögnuð leikjatölva frá Nintendo í 3 litum
39.990
VERÐ ÁÐUR 42.990

GTX1660
Zotac Gaming GeForce skjákort 6GB GDDR5
29.990
VERÐ ÁÐUR 39.990

ONEPLUS 7
Magnaður simi á ótrúlegu verði
79.990
VERÐ ÁÐUR 99.990

JÓLALEG TILBOÐ
Sérvalin tilboð í allan nóvember eða meðan birgðir endast

20% AFSLÁTTUR
Af öllum snjallurum frá Woxler

50% Afsláttur
AF ÖLLUM MINNISLYKLUM

20% Afsláttur
AF ÖLLUM SSD DISKUM

20% Afsláttur
Af öllum BLAST! leikjatölum
2.792
VERÐ ÁÐUR 3.490

SENDUM FRÍTT
Um land allt allar vörur allt að 10 kg.

TÖLVUTEK

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

LEIÐ

FIMMTUDAGUR 7. NÓVEMBER 2019

Tíska



Litadýró og frumleg hönnun sést nú á fótum leikmanna NBA-deildarinnar sem skemmta sér hið besta við að vera skrautlegir til fótanna á vinsælasta körfubolta-sviði heims. ➔4

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



Það borgar sig að líta inn hjá SPORT24

Í SPORT24 er eitt mesta úrval landsins af vönduðum íþróttavörum á hagstæðu verði. Fyrsta verslunin var opnuð í fyrra og eru þær nú þrjár talsins. Fanney Bjarkadóttir verslunarstjóri, segir mót-tökurnar hafa verið vonum framar. ➔2

Framhald af forsiðu →

Eitt ár er liðið frá því að íþróttavöruverslunin SPORT24 opnaði sína fyrstu verslun hér á landi við Sundaborg 1 í Reykjavík. Fyrir mánuði var þriðja verslun fyrirtækisins opnuð í Garðabæ en fyrirtækið opnaði verslun á Akureyri í febrúar. Fanney segir SPORT24 vera umsvifamesta söluaðila íþróttavara í Danmörku, með mikinn fjölda verslana undir sínum hatti. „Þrátt fyrir að vörumerkið sé ekki mjög þekkt hér á landi er SPORT24 stærsti seljandi íþróttavara í Danmörku en þar rekur fyrirtækið 186 verslanir vítt og breitt um landið.

Forstjóri fyrirtækisins heitir Henrik Bruun og starfaði áður hjá Intersport. Fyrirtækið var stofnað árið 2012 á grunni fjölda íþróttavöruverslana að því er fram kemur í Berlingske en höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Silkeborg,“ útskýrir Fanney. Þá sé fyrirtækið búið að vera að færa út kviarnar jafnt og þétt. „Árið 2016 keypti SPORT24 verslanir Sportigan og sænsku íþróttavöruverslunina Stadium og er því óhætt að segja að fyrirtækið hafi verið í mikilli sókn á undanförunum árum en í fyrra störfuðu yfir 1.000 manns hjá fyrirtækinu.“

Afar hörð samkeppni

Fanney segir vissar áskoranir óneitanlega fylgja rekstri verslana af þessu tagi, ekki síst hvað varðar samkeppni við netverslanir.

„Rekstrarumhverfi íþróttavöruverslana hefur aftur á móti verið afar krefjandi undanfarin ár, einna helst þegar kemur að samkeppni við stórar netverslanir.“

Staðsetning verslana sé einnig brýnt viðfangsefni. „Þá er einnig hart barist um bestu verslunarstaðsetningarnar og samkeppnin er mikil en SPORT24 er í dag til að mynda orðið umfangsmeira á dönskum markaði heldur en helsti keppinauturinn, Sportmaster,“ segir Fanney. Hún segir viðtökurnar við versluninni hér á landi hafa verið framfarir öllum vonum og að sala hafi verið vel fram yfir áætlanir á þessu ári.

Opnun fyrstu verslunarinnar hafi því í sjálfu sér verið ákveðið tilraunaverkefni fyrst um sinn. „Við opnuðum fyrst niðri í Sundaborg til að prófa konseptið. Hvernig flutningaleiðirnar myndu virka og hvernig tölvukerfin myndu tala saman. Það er hæpið að fara í einhverja risafjarfestingu ef baklandið er ekki 100%. Það var hugmyndin með þessari búið,“ segir Fanney en verslunin hér á landi er beintengd við pantanakerfið hjá SPORT24 úti í Danmörku.

Þetta fyrirkomulag hefur hagstæð áhrif á starfsemi fyrirtækisins og gerir því kleift að bjóða upp á öll helstu merkin, með minni fyrirhöfn en ella. „Það hefur gríðarlega hagræðingu í för með sér fyrir okkar rekstur. Það fækkar utanlandsferðum hjá okkur og við fáum öll merkin í gegnum einn aðila,“ segir Fanney en fyrirtækið selur fjölda þekktara vörumerkja á borð við Nike, Hummel, Adidas, Puma, Speedo og Champion ásamt mörgum fleirum.

Frábært fyrir fjölskylduna


Ásamt því að selja útivistarfatnað fyrir unga sem aldna, úlpur, snjóbuxur og kuldagalla, leggur fyrirtækið einnig mikla áherslu á sölu almennra íþróttavara fyrir börn. „Það var það sem vantaði hingað til lands eftir að Intersport lokaði,“ segir Fanney, en Intersport var lokað sumarið 2017. Það sé árið-andi að fjölskyldur hér á landi hafi valmöguleika á borð við þennan, þar sem hægt sé að festa kaup á



Sara Ísabella og Fanney Bjarkadóttir, verslunarstjóri, segja móttökur verslunarinnar hafa verið vonum framfarir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Í SPORT24 eru útivistarföt á alla fjölskylduna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Í SPORT24 er gott úrval af barnafötum á góðu verði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Skór fyrir alla fjölskylduna. Sjón er sögu ríkari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Íþróttaskórnir fást í SPORT24. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Nýjasta verslun SPORT24 er til húsa í Miðhrauni 2. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

íþrótt- og útivistarfatnaði fyrir ört vaxandi börn á sanngjörnu verði. „Við leggjum mikla áherslu á að öll fjölskyldan geti komið og fundið eitthvað fyrir alla.“

Fanney segir SPORT24 taka sérstaklega vel á móti fjölskyldum og að öll umgjörð í kringum verslanirnar bæði einfaldi innkaupin og dragi úr óþarfa kostnaði. „Það er ekkert hlaupið að því að fara með 3-4 börn í verslunarmiðstöðvar,“ segir hún. „Eitt af því sem viðskiptavinir hafa verið ánægðir með, fyrir utan gott aðgengi og annað slíkt, er að það er ekkert annað í umhverfinu sem truflar og því lítið mál að taka börnin með.“

SPORT24 býður einnig upp á merkingar á fatnaði, til dæmis fyrir íþróttafélög og þá er fyrirtækið einnig með „outlet“-verslun innan nýrrar verslunar fyrirtækisins í Garðabæ, í Miðhrauni 2. Í outlet-versluninni er að finna íþróttavörur á 30-80% afslætti allt árið um kring. „Það er því tilvalið að gera sér ferð og skoða úrvalið,“ segir hún. „Við erum alltaf með einhver sértílbod í gangi á íþróttavörum.“

Ég mæli líka með að fylgja okkur á Facebook undir SPORT24 Reykjavík, SPORT24Outlet og SPORT24 Akureyri. Þá sérd þú hvað er í gangi hjá SPORT24.“



hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



NÝJAR VÖRUR Í HVERRI VIKU

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verzlunin Belladonna

belladonna



Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

ROBELL BUXUR



kr. 7.900.-

kr. 9.800.-

kr. 12.900.-

Str. 36-52/54

Fleiri litir

Ríta



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



Skótiskunnir halda engin bönd á leikvöllum NBA þar sem áhorfendur fylgjast grannt með jafnt körfubolta og skóm.

Troðið með stæl

Litadýrð og frumleg hönnun sést nú á fótum leikmanna NBA-deildarinnar sem skemmta sér hið besta við að vera skrautlegir til fótanna á vinsælasta körfuboltasviði heims.

Pórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



NBA-deildin í körfubolta leyfir nú annað leikárið í röð að leikmenn klæðist íþróttaskóm í hvaða lit og munstri sem er. Það hefur sett skemmtilegan blæ á bandarísku körfuboltasenu og margir reka upp stór augu þegar þeir sjá skrautlegt skótau NBA-liða í upphafi leiktíðarinnar. Það að skærustu stjórnur NBA geti nú klæðst æpandi litum og skrápóttu munstri eftir eigin höfði á vafalaust eftir að hafa áhrif á gjörvöllan tiskuheiminn og aðdáendur sportsins um heim allan.

Galopnar skóskápinn

Það var framherjinn PJ Tucker hjá Houston Rockets sem hleypti þessari nýjung óformlega af stað því hann hefur á undanförunum árum glatt bæði áhorfendur og leikmenn með því að mæta til leiks í fágætum og litríkum Nike-skóm. Tucker hefur verið sammingsbundinn Nike allan sinn leikferil en losnaði undan samningnum 1. október síðastliðinn. Önnur íþróttavörumerki slást nú um að fá PJ Tucker til liðs við sig en hann hefur tekið ákvörðun um að njóta þess að vera sammingslaus næstu mánuði til að geta klætt sig í hvaða skó sem er.

„Mig langar að vera frjáls. Nú get ég loksins galopnað skóskápinn og klæðst hvaða skóm sem hugurinn girnist og það mun ég gera á

» Í stað þess að mega bara klæðast Nike get ég nú klætt mig í hvaða skó sem er og ég verð pottþétt ekki uppiskroppa með skó.

hverjum degi þar til ég skrifa undir næsta samning. Ég vil því skoða hvert einasta merki til að sjá hvað höfðar mest til mín,“ sagði Tucker í samtali við fjölmiðilinn ESPN.

Ekki alltaf í sömu skónum

Skósaftnuckers geymir þúsundir skópara í stærðinni 47.

„Ég hef aldrei viljað spila í einni merkjavöru og vil það ekki enn. Ég vil ekki vera alltaf í sömu skónum og hef þörf fyrir fjölbreytileika. Það er alveg möguleiki að spila alla leiktíðina án sammings og mér þætti það sko alls ekki leiðinlegt. Ég verð heldur pottþétt ekki uppiskroppa með skó!“ sagði Tucker hinn kátasti.

Í fyrstu leikviku NBA á dögnum mætti Tucker í bleikum og grænum Vans-strigaskóm en með gamla, rauða Kobe Bryant-skó frá Adidas til vara. Á heimavelli gegn New Orleans steig hann inn á völluminn í nýjum olíufugrænum og svörtum Jordan 6 Retro Travis Scott-skóm með Cactus Jack-þema. „Ég bara varð að mæta í Travis 6 áður en einhver annar gerði það,“ sagði Tucker fyrir leikinn.

Hann leitar logandi ljósi að nýjum og gömlum körfuboltaskóm hvert sem hann fer.

„Í stað þess að mega bara klæðast Nike get ég nú klætt mig í hvaða skó sem er. Ég gat loksins farið út í Pharell N.E.R.D. frá Adidas um daginn og þeir eru svakalegir. Einir af mínum uppáhalds.“



P.J. Tucker í búningi Houston Rockets. NORDICPHOTOS/GETTY

Við fögnum

Verzlunin er 7 ára og bjóðum við

25% afslátt


af öllum vörum!!
fimmtudag, föstudag og laugardag.



black pepper
F A S H I O N

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

 Við erum á Facebook



Bolur
Áður 6.990,-
Nú 5.592,-
Stærðir 36-52



Blússa
Áður 7.990,-
Nú 6.392,-
Stærðir 36-52



Túnika
Áður 10.990,-
Nú 8.792,-
Stærðir 36-52



Bolur
Áður 9.990,-
Nú 7.992,-
Stærðir 36-52



Túnika
Áður 7.990,-
Nú 6.392,-
Stærðir 36-52



Rúllukragapeysa
Áður 6.990,-
Nú 5.592,-
Stærðir 36-52



Kápa
Áður 21.990,-
Nú 17.592,-
Stærðir 36-52



Túnika
Áður 10.990,-
Nú 8.792,-
Stærðir 36-52



Velúrgalli
Áður 9.990,-
Nú 8.991,-
Stærðir 36-52



Velúrgalli
Áður 9.990,-
Nú 8.991,-
Stærðir 36-52

Velúrgallamir koma í **fallegum gjafaöskjum** og henta því sérstaklega vel í jólapakkann!

- 10% -
afsláttur af velúrgöllum

- 20% -
afsláttur af ÖLLUM öðrum vörum!

Aðeins í dag á Miðnætursprengju Kringlunnar - **Opið til 24**

B.

BRANDTEX

Kringlan | Sími: 5582800 |  Brandtex Ísland | www.brandtex.is

CISO SIGNATURE

B. JENSEN
BRANDTEX

KAUPAUKI!

Fyrstu 20 viðskiptavinir dagsins **fá hlýraból í kaupæti!**


20-60% afsláttur
af ÖLLUM vörum!

Miðnætursprengja
í Kringlunni í dag!

Opnunartímar í dag 7.nóv
Kringlan 10 - 24
Glerártorg 10 - 18.30

Vetrarsprengja -
Dagana 7-10. nóv

ZIK ZAK
TÍSKUHÚS





SMART BUXUR FYRIR SMART KONUR

NETVERSLUN WWW.TISCUHUS.IS

My Style tiskuhús

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Styrkleiki felst í valinu



Gæðavara sem endist

Taifun

Fylgið okkur á FB



Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

SAFNIÐ

Bláðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Olivia þykir mjög lík Elísabetu drottningu í þáttunum. Það verður gaman að sjá hvernig tiska þessara ára birtist sjónvarpsáhorfandanum en Elísabet hefur alltaf lagt mikið upp úr klæðaburði sínum og einnig litum. MYND/NETFLIX

Olivia Colman í gervi drottningar

Netflix mun hefja sýningar á þriðju þáttaröðinni af The Crown þann 17. nóvember. Þættirnir hafa notið mikilla vinsælda. Óskarsverðlaunaleikkonan Olivia Colman tekur við hlutverki Elísabetar drottningar af Claire Foy.

Elin Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Nýju þættirnir, sem eru tíu talsins, hefjast árið 1964 og sýna þrettán ár í lífi drottningar. Það gengur ýmislegt á í Bretlandi á þessum árum þegar breska hagkerfið staðnaði og unglingshreyfingar hófu mótmæli með tilheyrandi hippatísku og bítlamúsík. Í framhaldinu kom upp umræða um opinberan kostnað af konungsfjölskyldunni. Elísabet drottning gaf ekki kost á sér í viðtöl við þess konar spurningum og hélt sig mikið í Windsor.

Það þykir sterkt útspil hjá Netflix að skipta út leikkonum fyrir þriðju þáttaröðina og ráða jafn öflugan karakter og Oliviu Colman sem er margverðlaunuð. Í fyrri þáttaröðum var það leikkonan Claire Foy sem fór með hluaverk drottningar sem þá var ung og brothætt. Í þessum þáttum hefur hún komið sér upp sterkari skel og Olivia Colman þykir minna mikið á Elísabetu í útliti.

Olivia fékk Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í kvikmyndinni The Favourite á árinu en í kvikmyndinni leikur hún Önnu drottningu Englands. Fyrir nokkrum dögum var Olivia heiðruð með CBE-orðu í Buckingham-höll af Önnu prinsessu fyrir glæstan leikferil. Sumum þykir merkilegt að hún skuli heiðruð stuttu fyrir frumsýningu The Crown og sömuleiðis að drottningin sjálf hafi ekki verið viðstödd þegar hún var heiðruð.

Olivia hefur leikið í miklum fjölda sjónvarpsþátta og kvikmynda á undanförunum árum. Eftir að hún vann Óskarsverðlaun



Úr þáttunum The Crown. Leikkonan klæðist líkt og drottningin í þáttunum.

hefur umboðsmaður hennar ekki við að taka á móti tilboðum til hennar um leik í hinum og þessum kvikmyndum. Olivia er 45 ára en sagt er að ferill hennar hafi farið á flug eftir fertugt sem er ánægjulegt þar sem oft er talað um æskudyrkun í heimi kvikmyndanna.

Í samtali við tímaritið Vogue segir Olivia, sem er gift og þriggja barna móðir, að það henti henni betur núna að hafa svona mikið að gera heldur en þegar hún var yngri. „Það er skrítið að eldri leikkonur sem hafa öðlast styrk og þroska eru ekki jafn vinsælar og þær yngri, reyndar fáránlegt,“ segir hún í viðtali við blaðið. Olivia var forsíðustúlka Vogue í október. Venjan er samt sú að blaðið velji frekar ungar, nýjar stjórnur á forsíðuna. Olivia er sönnun þess að konur á miðjum aldri eru gæddar miklum hæfileikum og þroska til að árangri í starfi. Þessar



Olivia Colman þykir venjuleg kona og hefur ekki látið frægðina breyta lífi sínu. Hún er fjölskyldukona sem býr í ósköp venjulegri götu í London.

konur eru áminning til komandi kynslóða kvenna um að það er hægt að ná langt með því að vera maður sjálfur. Olivia er algjör snillingur í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún þykir ósköp venjuleg kona sem hefur búið sér og fjölskyldu sinni notalegt heimili með fallettum garði í suðurhluta Lundúna. Hún nýtur fjölskyldulífsins og var að undirbúa grillveislu þegar blaðamaður Vogue hitti hana. Eiginmaður hennar er Ed Sinclair en þau giftu sig 2001.

Þótt Olivia sé oftast núna í dramatískum hlutverkum byrjaði hún ferilinn á gamanleikritum og -þáttum. Má þarf nefna Peep Show, Green Wing, That Mitchell and Webb Look og fleiri. Hún fékk bresku sjónvarpsverðlaunin sem besta kvengamanleikkonan. Síðan hefur hún hlotið margvísleg verðlaun, meðal annars Golden Globe, Emmy og Óskar.

ERT ÞÚ KLÁR Í VEIÐINA?


icebreaker[®]
MERINO



(AKU)


FERRINO



Ferrino
léttur jakki,
hlýr og góð öndun
34.990 kr.

Icebreaker
ullartoppur
8.990 kr.

Icebreaker
síðerma ullarbolur
13.990 kr.

Icebreaker
ullarnærbuxur
5.990 kr.

Icebreaker
ullarbuxur
12.990 kr.

Icebreaker
ullarsokkar
3.990 kr.

Icebreaker
ullarhúfa
6.490 kr.

Osprey
bakpoki
21.990 kr.

Ferrino
vatns- og
vindheldur jakki
39.990 kr.

Icebreaker
ullarvettlingar
5.900 kr.

Ferrino
fóðraðar göngubuxur,
vind- og vatns-
fráhrindandi
29.990 kr.

Ferrino
legghlífur
7.990 kr.

AKU
Superalp
gönguskór
39.990 kr.



Osprey Tempest 30L
21.990 kr.



GSI brúsi heldur heitu eða köldu
6.190 kr.



Neyðarskýli 8.990 kr.



Jobe Gleraugu 9.990 kr.



Lambhúsetta m/vindvörn
7.990 kr.



Nalgene vatnsbrúsi
2.990 kr.



Höfuðljós 185Lum
11.490 kr.



Vatnsheldar lúffur/skeljar
12.990 kr.



Vatnsheldir hanskar
5.990 kr.



Féðasessa
1.590 kr.



Áttaviti
14.690 kr.



Bolti m/karabínu
2.490 kr.



Hákkubroddar
6.990 kr.

GG-sport

Smíðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi • sími: 571 1020 • www.ggsport.is



Fylgstu með okkur á
Facebook og á Instagram



Hrein, falleg húð kórónar útlitið.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Skartaðu fögru skinni

Alla dreymir um heilbrigða, fallega ásjónu en það útheimtir heilbrigðan lífsstíl og umhirðu. Hér gefast fimm heilræði fyrir fallega húð:

- Átta tíma svefn er nauðsynlegur til að vera úthvöldur og líta vel út. Í svefni slakar líkaminn á og vinnur að endurheimt á öllum sviðum. Góður nætursvefn heldur okkur unlegum, kemur í veg fyrir ótímabæra öldrun húðar og dökka bauga.
- Hreyfing og útvíst hefur góð áhrif á húðina. Heilsurækt af öllu tagi eykur blóðflæði um líkamann og losar hann við eiturefni.
- Ertu með feita, normal, þurra eða blandaða húð? Gættu þess að nota dagkrem sem hentar húðgerð þinni og veldu húðvörur sem eru lausar við skaðleg efni. Það sama á við hársápur og hárnæringu.
- Mataræði hefur bein áhrif á útlit húðar. Ávextir og grænmeti eru fæða sem fegrar á meðan sykurl, salt og feitur matur setur mark sitt á húðina. Reyndu að velja hollar fæðutegundir, fá þér ávöxt í stað snakks og sælgætis og árangurinn leynir sér ekki.
- Vatnsdrykkja gefur húðinni ferskan og heilbrigðan blæ. Vatn viðheldur raka hennar, skolar út eiturefnum og er gott fyrir meltinguna. Drekkstu sex til átta glös á dag.



Bella Hadid með loðhúfuna frá Fendi.

Hlýtt frá Fendi

Fendi kynnti þessa fallega loðhúfu sem vetrartísku fyrir 2019-2020. Húfurnar eru til í nokkrum litum og kosta tæpar 137 þúsund krónur. Þeim sem vilja eyða svo miklu í húfu verður ekki kalt á eyrunum í vetur. Húfan er fallega hönnuð og klæðileg. Einnig býður Fendi upp á lodeyrna-bönd sem kosta rúmar 35 þúsund krónur. Vörurnar eru framleiddar á Ítalíu og mikið er lagt í gæði. Húfan er með leðurbandi með fallegri spennu í anda Fendi. Tónlistarkonan Nicki Minaj hefur verið dugleg að kynna Fendi-vörur og má sjá myndband með henni á síðu fyrirtækisins. Það var ofurfyrirsætan Bella Hadid sem sýndi húfuna góðu þegar vetrartískan Fendi var kynnt fyrir árið 2019-2020 í Milanó.

Star Wars föt frá Levi's

Þann 19. desember næstkomandi kemur út ný viðbót við Star Wars-kvikmyndabákkinn, Star Wars: The Rise of Skywalker. Í tilefni af útgáfu hennar fóru útgáfufyrirtækið Disney og kvikmyndagerðarfyrirtækið Lucasfilm í samstarf við fataframleiðandann Levi's og afraksturinn er fatalína með Star Wars-þema, sem er nú í sölu á vef Levi's.

Í fatalínunni er ýmsar sigildar Levi's-flíkur í bland við nýttísku-

legri götufatnað í ólíkum litum skreytt með alls kyns Star Wars-myndum og vísunum í frægar línur úr kvikmyndunum.

Það er hægt að fá hettupeysur, stuttermaboli, gallajakka, gallabuxur og aukahluti með alls kyns skreytingum til að sýna sinn innri Star Wars-aðdáanda. Þeir sem vilja fjárfesta í Star Wars-flík frá Levi's ættu samt að hafa hraðar hendur, því vörurnar eru að seljast upp hratt, þrátt fyrir fremur hátt verð.



Nú er hægt að fá Star Wars föt á vef Levi's.

ALLT Í RJÚPNAVEIÐINA

Benelli SAVAGE ARMS BERETTA FRANCHI

Beretta A400 Plus

Benelli Raffaello BE Diamond

Franchi Affinity 3 Max5

Bettinsoli

Bushnell Prime

kr. 28.900

Rjúpnavesti Game Vest X ný hönnun á vesti fyrir veiðar á rjúpu

kr. 24.900

Húfa

kr. 2.490

Broddar

kr. 7.900

Skot vettlingar

kr. 7.890

Legghlifar

kr. 9.995

MERINO ullarnær föt

kr. 5.990

kr. 5.690

kr. 6.290

Sokkar

kr. 2.790

Haglaskot

kr. 2.490

kr. 2.890

Vesturröst

2019 Fyrirmyndarfyrirtæki Írækstri


Sérverslun veiðimannsins - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is

LUMAR ÞÚ Á STÓRFRÉTT?

Sendu okkur þá fréttaskot í gegnum frettabladid.is.

Þú finnur hlekkinn undir blaði dagsins eða á slóðinni
www.frettabladid.is/frettaskot.

Greiðum **5.000 kr.** fyrir fréttina ef hún birtist í
Fréttablaðinu og **10.000 kr.** ef hún birtist á forsiðu blaðsins!



HEITIR DAGAR



15-20%

OFNAR HELLUBORÐ ÖRBYLGJUOFNAR

20%

SKOÐU FREKARI TILBOÐ Á

ORMSSON.IS

20%



Tefal



de BUYER
RIMMELSBACHER
UNOLD

PÖNNUR POTTAR ELDFOST MÖT OG MARGT FLEIRA...



Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15



ormsson

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á

ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT



ORMSSON
Greiðslukjör

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------

VETRARLÍNA OMNOM ER KOMIN Í HAGKAUP



Vetrarlína Omnom sækir innblástur sinn í íslenskar jólahefðir. Í faðmi veturkonungs yljum við okkur um hjartarætur með minningum liðinna jóla og sækjum okkur innblástur í matarhefðir, bragðtóna og venjur sem hringja inn jólnin.

Omnom vetrarlínan fæst ekki í Spöng og á Eiðistorgi



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

*Meira
svona
alla daga*

Langsótt að fjármagna mót af þessari stærðargráðu á Íslandi

Forseti Gólf sambands Íslands segir það orðið ólíklegt að mót á Evrópumótaröð kvenna í golfi fari fram á Íslandi þrátt fyrir að báðir aðilar hafi sýnt því áhuga. Kostnaðurinn við að halda slíkt mót hleypur á tugum milljóna og fellur á þann sem heldur mótið sem gerir frekari viðræður erfiðari.

GOLF Haukur Örn Birgisson, forseti Gólf sambands Íslands, segir líkurnar fara dvínandi á því að mót á Evrópumótaröð kvenna í golfi fari fram á Íslandi í ljósi þess hversu hár kostnaður því fylgir að halda slíkt mót á Íslandi. Gólf sambandið hefur ekki slegið hugmyndina út af borðinu en Haukur segist ekki eiga von á því að úr því rætist á næstunni.

Fréttablaðið greindi frá því síðasta sumar að Evrópumótaröðin hefði sýnt því áhuga á að bæta við móti á Íslandi og staðfestu bæði Haukur og fjölmiðlafulltrúi mótaráðarinnar að áhugi væri til staðar sem mætti rekja til ársins 2017. Um er að ræða næst sterkustu mótaröð heims á eftir þeirri bandarísku og á Ísland einn fulltrúa á mótaröðinni, Skagameyna Valdís Þóra Jónsdóttir.

Valdís Þóra náði besta árangri sem íslenskur kylfingur hefur náð á Evrópumótaröðinni þegar hún lenti í þriðja sæti í fyrra. Þá hafa Guðrún Brá Björgvinsdóttir og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir einnig leikið stök mót á mótaröðinni undanfarin ár en Ólía María Jónsdóttir varð fyrsti kylfingurinn sem komst inn á mótaröðina árið 2003.

„Við höfum ekki setið formlegan fund um þetta mál í nokkurn tíma, ég hef nokkrum sinnum hitt á framkvæmdastjóra mótaráðarinnar á ráðstefnum erlendis og við höfum rætt þetta þar án þess að sitja formlegan fund. Það sem tefur málið og kemur í veg fyrir að þetta sé komið á teiknaborðið hjá Gólf sambandinu er sá mikli kostnaður sem fylgir því að halda slíkt mót,“ sagði Haukur í samtali við Fréttablaðið, spurður út í tíðindi af viðræðunum.

„Kostnaður við mót af þessari stærðargráðu er mikill og lendir á mótshaldara. Sá kostnaður er yfirleitt yfirstiginn með aðkomu styrktaraðila í tengslum við mótið. Stærsti kostnaðarliðurinn er verðlaunaféð í mótinu og svo auðvitað framkvæmdakostnaðurinn. Þetta eru umtalsverðar upphæðir sem



Valdís Þóra sem slær hér af teig hefur náð bestum árangri Íslendinga á Evrópumótaröðinni. MYND/LET/TRISTAN JONES

Því miður munu þessar viðræður alltaf standa á peningamálunum sem fylgja slíku móti.

Haukur Örn Birgisson, forseti GSÍ



hlaupa á tugum milljóna króna sem við þyrftum að finna.“

Haukur segir að fyrir vikið séu ekki mörg íslensk fyrirtæki sem koma til greina sem leiði til þess að viðræður þurfi helst að fara fram við fyrirtæki erlendis.

„Það yrðu ekki mörg fyrirtæki tilbúin að standa í slíkum kostnaði, þá helst fyrirtæki sem starfa á alþjóðlegum markaði en á Íslandi eru þau bara ekki mjög mörg. Því miður munu þessar viðræður líklegast alltaf standa á peningamálunum,“ segir Haukur og heldur áfram:

„Það yrði frekar að leita erlendra samstarfsaðila í þessum málum en það er erfiður markaður að komast

á. Það er ekki á stefnuskrá GSÍ að fara í slíka fjársjóðsleit á næstunni þegar líkurnar eru litlar á að árangur náist.“

GSÍ er ekki búin að slá hugmyndina út af borðinu en Haukur segir líkurnar fara minnkandi.

„Við munum ekki útiloka neitt og verðum alltaf tilbúin að skoða möguleikana sem koma upp. Við værum auðvitað til í að halda golfmót fyrir bestu kylfinga Evrópu en fjárhagsleg hlið málsins stendur í vegi fyrir því á litlum markaði,“ segir Haukur spurður hvort möguleikinn sé til staðar að halda mót af slíkri stærðargráðu á Íslandi.

kristinnpall@frettabladid.is



Rúnar Páll og Ólafur á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ólafur til liðs við Stjórnuna

FÓTBOLTI Tilkynnt var í gær að Ólafur Jóhannesson myndi koma í þjálfarateymi Stjórnunnar og stýra liði Garðbæinga ásamt Rúnari Páli Sigmundssyni. Ólafur skrifaði undir tveggja ára samning við Stjórnuna í gær, rúmum mánuði eftir að Valur ákvað að framlengja ekki samning Ólafs. „Það voru nokkur lið sem ræddu við mig í haust en á þeim tímamarki vildi ég bara kúpla mig aðeins frá fötboltanum og ég var búinn að stilla mig inn á það að taka mér bara ársfrí frá boltanum,“ segir Ólafur Davíð Jóhannesson í samtali við Fréttablaðið. „Eftir að ég kom heim úr frí þar sem ég náði að hlaða batteríin hafði Rúnar Páll samband við mig og mér leist vel á þær hugmyndir sem hann hafði um samstarf okkar um þjálfun liðsins. Ég fann það að löngunin til þess að halda áfram að þjálfa kom aftur og ég ákvað að slá til,“ segir Ólafur enn fremur en hann og Rúnar Páll munu stýra liðinu í sameiningu. – hó

Einum pinna frá sigri í Kúveit

KEILA Arnar Davíð Jónsson var grátlega nærri því að verða fyrsti Íslendingurinn til þess að tryggja sér sigur á móti sem er hluti af heimsmótaröðinni sem er bandarísku mótaröðinni í keilu í gær þegar hann var einum pinna frá sigri á Kuwait International mótinu. Arnar Davíð mætti einum fremsta keiluspilara heims, Dominic Barrett, í úrslitunum þar sem Englendingurinn hafði nauman 278-277 sigur.

Arnar fór þó ekki tómhentur heim því hann fékk um þrjár milljónir íslenskra króna fyrir afrek sitt. – hó

Hamrén kynnir landsliðshópin í dag

FÓTBOLTI Erik Hamrén og Freyr Alexandersson tilkynna í dag hvaða 23 leikmenn urðu fyrir valinu fyrir lokaleiki Íslands í H-riðli undankeppni EM 2020. Fram undan eru tveir leikir gegn Tyrklandi og Moldóvu á útivelli þar sem Ísland verður að taka fullt hús stiga til að halda lifi í veikri von Strákanna okkar um að komast beint inn á lokakeppni Evrópumótsins næsta sumar. Íslenska liðið kemur saman til æfinga á mánudaginn í Tyrklandi þar sem liðið mun æfa í aðdraganda leikjanna áður en haldið verður til Istanbul þar sem Ísland mætir Tyrklandi að viku liðinni á heimavelli Galatasaray sem tekur 52.000 manns í sæti. Ísland þarf að vinna báða leikina í þessu landsleikjahléi og treysta á að Andorra tækist að næla í óvænt stig gegn Tyrklandi á heimavelli sínum. Þannig lifir veik von Íslands um að komast beint inn í lokakeppnina en

» Í fjórum leikjum í undankeppninni hefur engu liði tekist að skora hjá Tyrkjum í Tyrklandi.

líklegra er að Strákarnir okkar þurfi að fara í umspil í gegnum Þjóðadeildina sem fer fram í vor.

Ólíklegt er að Jóhann Berg Guðmundsson og Aron Einar Gunnarsson geti gefið kost á sér enda báðir að glíma við meiðsli. Aron Einar birti myndband á Instagram-reikningi sínum í vikunni að hann væri farinn að taka næstu skref í endurhæfingu sinni en hæpið er að hann hafi heilsu til að

taka þátt í leikjum Íslands og Tyrklands. Þá sagði knattspyrnstjóri Burnley á dögunum að það væru enn nokkrar vikur í að Jóhann Berg kæmist aftur út á völl.

Þá er óvíst með þátttöku Rúnars Más Sigurjónssonar, leikmanns Astana í Kasakstan, sem fór meiddur af velli í leik Íslands og Frakklands. Rúnar sat á bekknum í síðasta leik Astana en hefur ekki komist inn á völlinn frá Frakkaleiknum. Það eru hins vegar engar líkur á því að Albert Guðmundsson verði í hópnum á meðan hann nær sér af meiðslum á ökkla. Aðrir leikmenn ættu að vera heilir heilsu og geta gefið kost á sér fyrir verkefnið. – kpt



Erum með mikið úrval af allskonar bílaverkfærum á frábæru verði!



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogí, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

BAUHAUS®



STANLEY

28.995.-

32.995.-

Höggborvél

FMCK625M2G-QW 18 V SFM höggborvél með 2 hraðastillingar fyrir öll verkefni + 2 x 4.0 Ah rafhlöður í verkfærakassa.



Jólagjöf fagmannsins

STANLEY

78.995.-

97.995.-

Verkstæðisvagn

168 hlutir. Í vagninum eru bitasett, topplyklasett, skrúfjárnasett, skralllyklasett, gaffallyklasett og margs konar handverkfæri. Með hjól og handfangi.



RYOBI

31.995.-

39.900.-

Bútasög

EMS216L. 1.500 W. 4.500 snún./mín. Útdraganleg með sleða. Þv. sagarblaðs 216 mm, með 48 tönnum. Laser fyrir nákvæman skurð. LED-ljós.


49.995.-

56.495.-

Höggborvél

BSB18C2BL LI-402C handhæg 18 V höggborvél með kolausum mótör og 13 mm borpatrónu. Lengd er aðeins 173 mm. Hámarkssnúningsvægi er 65 Nm. 24 snúningsþrep. Tveggja þrepa gir: 0-550 snún./mín. og 0-1.900 snún./mín. LED-ljós og straumvísir. Þyngd 1,7 kg. 2 stk. 4,0 Ah Pro litíum-ion rafhlöður, hleðslutæki og taska fylgja.



KÄRCHER

12.535.-

Gluggafægir

KV4 gluggafægirinn kemur í stað gömlu aðferðarinnar við að þvo og þússa glugga. Rafhlaðan endist í 35 mín. á einni hleðslu sem nægir til að meðhöndla um 100 m² eða 33 glugga á einni hleðslu.



Schneider Electric

6.995.-

2.000 W

Hitablásari

Kröftugur 230 V hitablásari. 2.000 W.

3.000 W 8.495.-

Allt í einni ferð í BAUHAUS!


31.995.-

37.395.-

Fibro-Trespo veggplata

11 x 580 x 620 mm. Votrymisveggþiljur. Hægt að fá í mismunandi mynstrum. 2 plötur í pakka. 2 plötur jafngilda 0,791 m².


4.995.-

PERGO

NYTTI BAUHAUS

HARDPARKET

Sensation Living harðparket

Þykkt 8 mm. 190 x 1.380 mm. Slitþolsstig 32. Fást í ýmsum mynstrum. Verð á m².

BARA Í BAUHAUS



175 kg



HÆÐ: 180 CM
BREIDD: 90 CM
DÝPT: 40 CM

4.495.-

6.195.-

REGALUX

Hillueining

Stæðileg hillueining með 5 spónahillum. Hámarks burðarþol í hillu er u.þ.b. 175 kg. með jöfnu álagi.



Sadolin

Sadolin

Sadolin

Sadolin

5.995.-

STYKKJAVERÐ

Veggmálning, 8 l

Mött málning. Hentar vel á vegg og loft. Gljástig 5, 10 eða 20.

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplýsingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

TÍMAMÓT

Merkisatburðir



1550 Jón Arason, biskup á Hólum, og synir hans, Björn Jónsson, prestur á Melstað og Ari Jónsson, lögmaður, eru teknir af lífi í Skálholti eftir harðvitugar deilur á milli lútherskra manna og kapólskra um völd í landinu.

1659 Frakkar og Spánverjar gera með sér Pýreneasáttmálann og binda þannig enda á 24 ára stríð milli ríkjanna.

1718 Danska herskipið Giötheborg strandar við Ölfusár-ösa. Áhöfnin bjargast.

1931 Héraðsskólinn í Reykholti er vígður, en hann var einn af níu skólum, sem stofnaðir voru að frumkvæði Jónasar Jónssonar frá Hriflu.

1972 Richard Nixon vinnur yfirburðasigur á George McGovern í forsetakosningum í Bandaríkjunum.

1976 Fyrsti hluti Hitaveitu Suðurnesja er tekinn í notkun.

1987 Ólafur Ragnar Grímsson verður formaður Alþýðubandalagsins og tekur við af Svavari Gestssyni.

1989 Kommúnistastjórnin í Austur-Pýskalandi segir af sér en Egon Krenz er áfram þjóðhöfðingi.

1991 Bandaríski körfuknattleiksmaðurinn Magic Johnson tilkynnir að hann sé með HIV sem batt enda á feril hans.

1995 Fellibylurinn Angela gengur yfir Filippseyjar og Víetnam með þeim afleiðingum að 882 farast. Vindhraðinn nær 58 m/s með hviðum upp í 80 m/s.

1996 Fellibylur gengur yfir Andhra Pradesh á Indlandi með þeim afleiðingum að 2.000 farast.

2000 Hópur ræningja ræðst á Púsaldarhvelvinguna í London til að stela Púsaldardemantinum en eru gripnir af lögreglu.

2000 Hillary Clinton tekur sæti í öldungadeild Bandaríkjaþings.



Afgangsull nýtt í sængur

Íslenska ullin hefur haldið yl á þjóðinni um aldir. Nú er komin ný sæng á markaðinn hjá Ístex. Sængin er bæði létt og hlý og í henni leikur ullin okkar aðalhlutverkið.

Sængin er búin að vera í vörubrúun hjá okkur í tæpt ár. Í henni er íslensk ull sem býið er að finkemba í nokkur lög. Svo er fjölskyldufyrirtæki í Þýskalandi sem saumar hana fyrir okkur," segir Sigríður Jóna Hannesdóttir, verkefnastjóri hjá Ístex í Mosfellsbæ, og hampar nýjustu afurð fyrirtækisins, léttri og dunnjúkri sæng.

Í sængunum er mislit ull sem ekki er gjaldgeng í lopa og band, að sögn Sigríðar Jónu. Hún bendir á að jákvætt sé að geta nýtt afgangsull með þessum hætti. „Við notum bæði togid og þelið, þvolum það mjög vel og finkembum. Ullin er svo lagskipt í hólfum í sænginni og vegna meðhöndlunarinnar fer hún ekki í hnökra eða hnúta þó að sængin sé þvegin. Eins má setja sængina á vægan hita í þurrkara," lýsir hún.

Fyrir þá sem leggja áherslu á að kaupa vörur úr íslensku hráefni er þarna greinilega kominn annar valkostur en dúnninn. En tauið er eflaust í báðum tilfellum erlent. Í ullarsængunum er það úr 100% bómull. Sigríður Jóna segir þýska fyrirtækið sem sér um saumaskapinn útvega það. „Hún er okkur dýrmæt, þessi þýska fjölskylda, og hefur verið einstaklega hjálpleg og þolinmód við að búa til réttu sængina sem við erum ánægð með," segir hún og bætir við að reyndar sé um tvær þykktir að ræða, heilsársæng og vetrarsæng. Heilsársængin heiti Embla og vetrarsængin lðunn. „lðunn er með tveimur lögum, meira af ull en Embla," útskýrir hún og bætir við: „Kosturinn við íslensku ullina er hvað hún andar vel og hún er líka létt. Það er rúmlega eitt kíló í heilsársænginni og örlítið meira í vetrarsænginni."

Koddar úr sama hráefni eru í vörubrúun hjá Ístex, upplýsir Sigríður Jóna. Hún segir ullarsængurnar ekki komnar í verslanir en hins vegar hægt að panta þær á heimasíðunni lopicraumur.is og heimsending sé ókeypis innanlands. gun@frettabladid.is



Við sem höfum prófað sængurnar erum hæstánægð með þær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Kær bróðir og frændi,
Benedikt Alfredsson
Silfurbraut 6, Höfn í Hornafirði,
andaðist á Hjúkrunarheimilinu á Höfn
þann 4. nóvember.

Fyrir hönd aðstandenda,
Ljósbjörg Alfredsdóttir



Ástkær frænka okkar,
Aðalheiður Lovísa Rögnvaldsdóttir

verður jarðsöngin
frá Siglufrjáðarkirkju
laugardaginn 9. nóvember kl. 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðbjörg Jóhannsdóttir Bjarni Árnason



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
Elín Pálmadóttir
frá Snóksdal,

lést í faðmi fjölskyldunnar á
Hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi
2. nóvember. Jarðarförin fer fram frá
Guðriðarkirkju í Grafarholti þriðjudaginn 12. nóvember
kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á
Alzheimersamtökin.

Elvira Viktorsdóttir Kristin Viktorsdóttir Ljóður Pálmi Viktorsson Elín Berglind Viktorsdóttir **Guðmundur St. Sigmundsson Sveinbjörn Guðjónsson Sigríður Jóna Eggertsdóttir Unnar Smári Ingimundarson ömmu- og langömmubörn.**



Okkar ástkæra
Sigríður Stefánsdóttir

frá Norður-Reykjum,
áður til heimilis að Ljósheimum 8,
lést á Hjúkrunarheimilinu Eir
miðvikudaginn 25. september.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hinnar látnu.

F.h. aðstandenda,
Sigurður Hálfán Leifsson



Við þökkum auðsýnda samúð og
hlýhug vegna andláts ástkærrar
móður okkar, tengdamóður, ömmu
og langömmu,
Sigríður Jónsdóttir

Bólstaðarhlíð 41,
Reykjavík.
Sérstakar þakkar til félagsmiðstöðvar Bólstaðarhlíðar,
heimaþjónustunnar og starfsfólks Víflsstaða auk annarra
sem sinntu henni af alúð.

Ágúst Sigurjónsson Helga Jónína Sigurjónsdóttir Guðný Sigurjónsdóttir Sesselja Hrönn Jensdóttir Hafsteinn Már Ársælfsson Svavar M. Sigurjónsson barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn og besti vinur,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Alfred Eyjólfsson
kennari og skólustjóri,
Marteinslaug 1, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
31. október. Hann verður jarðsöngin frá
Hallgrímskirkju þriðjudaginn 19. nóvember kl. 15.00.

Guðjónía Bjarnadóttir Kristin Alfredsdóttir Eyjólfur Bjarni Alfredsson Alfred Jóhannes Alfredsson Þóra B. Valdimarsdóttir barnabörn og barnabarnabarn.



Leyfðu okkur
að aðstoða þig!



GARÐHEIMAR

540 3320 • gardheimar.is
blomabud@gardheimar.is

Á HVERJUM **DEGI** BORDA

25.000

ÍSLENDINGAR

GRÆNMETI EÐA ÁVEXTI

OFTAR EN **FJÓRUM**

SINNUM YFIR DAGINN

HEIMILD: LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ 2017.
18-80 ÁRA

OG DAG HVERN **LESA**

96.000

ÍSLENDINGAR

FRÉTTABLAÐIÐ

AÐ MEÐALTALI

HEIMILD: PRENTMIÐLAMÆLING GALLUP APR-JÚN 2019, 12-80 ÁRA,
ALLT LANDIÐ HAGSTOFA ÍSLANDS, MANNFJÖLDATÖLUR, 2019

FRÉTTABLAÐIÐ - MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík 2 3 °C °C	Ísafjörður -4 2 °C °C	Akureyri -3 2 °C °C
Egilsstaðir -2 2 °C °C	Kirkjubæjarkl. 1 2 °C °C	Hveravellir -4 5 °C °C

Suðlæg eða breytileg átt 3-8 m/s og dálítill el á við og dreif, einkum norð-vestan til, en léttskýjað norðaustanlands. Bætur í vind vestast um kvöldið. Frostlaust að deginum við suður- og vesturströndina, annars frost 0 til 10 stig, kaldast fyrir norðan.

Föstudagur

Reykjavík 2 12 °C °C	Ísafjörður -3 3 °C °C	Akureyri -1 2 °C °C
Egilsstaðir -1 2 °C °C	Kirkjubæjarkl. 3 10 °C °C	Hveravellir -4 12 °C °C

Laugardagur

Reykjavík 3 4 °C °C	Ísafjörður -1 3 °C °C	Akureyri 0 0 °C °C
Egilsstaðir 1 2 °C °C	Kirkjubæjarkl. 4 8 °C °C	Hveravellir -2 3 °C °C

LÉTT

		6		5		1	4	8
8	3							6
	2	4	6	7		3		
	4	9		3		5	1	
				7	4			
		1			9	8		3
9	3						5	
		2		6				
	6		2		3			

MIDLUNGS

	8	4		3		5	1	9
				1		7		4
5				4				
	9			6				
		8				9	6	
2	6		9	8				
6	1			2		4	5	8
	4	5						6
			6					

PUNG

		3				6	1	4
		9						
			7	4				
			6			7		
			9	7	1	3		
6	8		1					9
	9		8				4	
7				1				5
2					5	9	7	8

Krossgáta

- LÁRÉTT**
 1 Háðsglósar
 2 Taumur
 6 Tveir eins
 8 Fröken
 10 Átt
 11 Leiðsla
 12 Jafnoki
 13 Eind
 15 Hitta
 17 Skrípaleikur
- LÓÐRÉTT**
 1 Tiðkar
 2 Man
 3 Fjallsbrún
 4 Uppspuni
 7 Lestrarhestur
 9 Fremur
 12 Dorma
 14 Seinka
 16 Vörumerki

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 skens, 5 tolg, 6 kkr, 8 ungrú, 10 na, 11 kústi, 9 framar, 12 moka, 14 tef, 16 ss.
 LÓÐRÉTT: 1 stundar, 2 kona, 3 egg, 4 skrók, 7 röt, 12 maki, 13 átóm, 15 rekas, 17 farisr.

Skák Gunnar Björnsson

Kretschmar átti leik gegn Laue í Eisenach árið 1951.

1. Dc5! 1-0.

Hjálmar Sigurvaldason vann sigur á þriðjudagsmóti TR sem fram fór í fyrradag. FIDE Grand Prix hófst í gær í Hamborg. Í gær hófst Grand Chess Tour mót í Rúmeníu. Nóg að gera hjá sterkustu skák-mönnum heims!

www.skak.is: Heimsskákin

Hvítur á leik



1	3	7	6	9	2	8	4	5
6	8	4	7	1	5	9	2	3
9	5	2	3	4	8	6	7	1
5	2	8	4	6	3	1	9	7
7	4	6	9	5	1	2	3	8
3	9	1	8	2	7	5	6	4
2	6	5	1	3	4	7	8	9
4	7	9	5	8	6	3	1	2
8	1	3	2	7	9	4	5	6

3	4	6	2	1	8	7	5	9
5	7	8	3	9	4	1	2	6
9	1	2	5	6	7	8	3	4
8	6	4	9	7	3	2	1	5
7	5	9	8	2	1	4	6	3
1	2	3	4	5	6	9	7	8
2	8	1	6	4	5	3	9	7
6	3	7	1	8	9	5	4	2
4	9	5	7	3	2	6	8	1

4	9	3	5	1	7	8	2	6
7	1	5	2	8	6	4	3	9
8	2	6	9	3	4	7	1	5
3	4	1	6	2	5	9	7	8
9	5	7	1	4	8	2	6	3
2	6	8	7	9	3	1	5	4
1	3	4	8	6	2	5	9	7
5	8	9	3	7	1	6	4	2
6	7	2	4	5	9	3	8	1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

LÖGGILTUR RAUFERKTAR
 Alhliða rafverktakar
 Þjónusta við fyrirtæki og heimili
RAFÚNA
 Sími 617 1111 - raflina@raflina.is

Barnaheill
 Save the Children á Íslandi
 Vissir þú að...
 þú neigja rétt á vernd gegn einokla

Oktoberfest
 Gæða Lederhosen, kjólar og fylgihlutir beint frá Þýskalandi!


HOKUS POKUS
www.hokuspokus.is
 Verslun og vefverslun
 Laugavegi 69 S. 551-7955

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



Robin Klementínur

795 kr./ks.

Robin Klementínur
2,3 kg



Nýtt
í Bónus



1.598 kr./kg

ÍL Veislu Lambalæri
Ferskt, með reyktum pipar og kryddjurtum



79 kr./330 ml

Egils Appelsín
venjulegt og sykurlaust, 330 ml

Réttur mánaðarins



3 stk.

**HVITLØKS-
BAGUETTER**

Med deilig hvítløksfylli for ekstra saftig smak

NYHETI
SAFTIGERE
smak

NATURLIGE RÁVARER

180°C 12-18 MINUTTER

3 STK

Fullelduð
Bolognese kjötsósa



Samtals

1.555 kr.

Bónus Bolognese Kjötsósa, 1 kg, 998 kr.
Hatting Hvítløksbrauð, 3 stk., 298 kr.
Barilla Spaghetti, 1 kg, 259 kr.



BONUS

**EKKERT
BRUÐL**



Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Smáratorg og Skeifan: Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með 10. nóvember eða meðan birgðir endast.

Mikið um frumsýningar á EICMA

EICMA mótörhjólásýningin í Mílanó er stærsti viðburður í mótörhjólheiminum ár hvert og þar velja framleiðendur helst að frumsýna nýjustu afurðir sínar.

Njáll
Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Stærsta mótörhjólásýning ársins er EICMA-sýningin í Mílanó en hún var opnuð á þriðjudaginn og stendur til 11. nóvember. Flestir framleiðendur mótörhjólana nota þessa sýningu til að frumsýna nýjar gerðir hjóla og sýningin í ár er engin undantekning.

Honda CBR 1000RR-R er komið á sterana sem það vantaði með nýrri vél sem skilar 214 hestöflum og 113 newtonmetra tugi, um leið og hún uppfyllir Euro5-mengunarstaðalinn. Auk þess fær það uppfærða akstursstölu og hljódkút úr titánium svo eitthvað sé nefnt. Útlit CB1000R er endurhannað og vélin hefur fengið aðeins meira afl auk þess sem hjólið er 12 kg léttara en áður. Loks er CB4X-tilraunahjól sem hannað er af Valerio Aiello eins og framtíðarútgáfa af Katana-hjólunu, með pústkerfi sem breiðir úr sér eins og vængur með hlið hjólsins.

Mikið að gerast hjá KTM

Meðal frumsýninga hjá KTM-merkinu voru hjól eins og KTM 390 og 1290 Super Duke R. KTM 390 Adventure er eins og nafnið gefur til kynna, ferðahjól fyrir ævintýrin og hér í minni og viðráðanlegri útgáfu



KTM 390 Adventure er ferðahjól af minni gerðinni sem hentar til léttis torfæruaksturs og er einnig gott innanbæjar.



Nýja R18/2 tilraunahjól frá BMW vakti verðskuldaða athygli enda sækir það í hönnun af gamla skólanum sem einmitt er svo vinsæl í dag.

en flest þau hjól sem tilheyra þessum flokki. KTM 1290 Super Duke R er hins vegar aflmikið sporthjól sem keppir við þau kraftmestu á markaði í dag, hjól eins og Kawasaki Z H2 og Ducati Streetfighter V4. KTM 890 Duke R er svo þriðja nýja hjólið frá austurríska framleiðandanum og er minni útgáfa 1290 hjólsins. Hliðarsjálfr KTM er Husqvarna en Norden 901 er tilraunahjól eins og er. Með þessum nýja mótör er líklegt að það fari í framleiðslu ásamt nýjum gerðum Svartpilen og Vitpilen.

Ný ferðahjól frá Japan

Eitt af þeim hjólum sem beðið hefur verið eftir er nýtt Yamaha Tracer 700. Það er ferðahjól með framúrsteffulegu útliti og er búið 698 rsm-vélinni úr MT-07-hjólunu, sem fengið hefur aðeins meira afl

» KTM 1290 SUPER DUKE R ER HINS VEGAR AFLMIKIÐ SPORHJÓL SEM KEPPA Á VIÐ ÞAU KRAFTMESTU Á MARKAÐI Í DAG, HJÓL EINS OG KAWASAKI Z H2 OG DUCATI STREETFIGHTER V4

með endurhannaðri innspýtingu. Yamaha frumsýnir einnig TMAX 560, MT-125, MT-03 og FJR 1300AS. Hjá Kawasaki kemur ný útgáfa Z650 með vél, sem uppfyllir Euro5-mengunarstaðalinn, og léttari andlitslyftingu. Kawasaki Z900 fær yfirhalingu og fullt sett af tækni eins og spólvörn, akstursstillingar, bláttannarbúnað og díóðuljósapakka. Loks fær Ninja 1000SX-sportferðahjól nokkra andlitslyftingu ásamt nýju sæti og mælaborði.

Suzuki V-Strom 1050XT er ný útgáfa V-Strom-hjólsins sem sækir útlit sitt til DR Big-hjólsins frá níunda áratugnum. Vélin hefur verið endurhönnuð og er aflmeiri en áður og uppfyllir Euro5.

Tilraunahjól fara í framleiðslu

BMW Z 1000 XR-sportferðahjól hefur fengið alveg nýja hönnun og er nú 10 kg léttara en áður og einnig aflmeira, en það skilar nú 165 hestöflum. Það fær nýtt mælaborð í lit, nýtt pústkerfi og endurhannaða fjöðrun.

BMW R 18/2 tilraunahjól er komið í sinni annarri útgáfu sem þýðir vonandi að það sé stutt í framleiðslu þess. Boxer-vél þess er 1.800 rsm og útlit hjólsins er af gamla skólanum með ryðfríu pústkerfi og steyptum felgum. Aprilia RS 660 er nýtt millistærðarhjól með nýju tveggja strokka vélinni, en það var sýnt sem tilraunahjól í fyrra. Hjól er aðeins 169 kg en nýja vélin skilar 100 hestöflum sem gerir þetta að spennandi hjóli. Auk þess verður hjól búið fimm akstursstillingum auk nýs upplýsingaskjás með bláttannarbúnaði.

Fiat íhugar að leggja smábíla á hilluna

Fiat Chrysler Automobiles eða FCA hefur verið í fréttum að undanförunni vegna áætlaðs samruna samsteyppunnar við PSA. FCA tilkynnti við uppgjör þriðja ársfjórðungs að samsteypan hyggist leggja framleiðslu smábíla á hilluna og það gæti gerst mjög fljótlega. Þess í stað á að leggja áherslu á B-flokk bíla sem eru í stærðarflokki eins og Fiat Punto eða Ford Fiesta.

Fleiri framleiðendur á sömu línu

Aðrir bílaframleiðendur hafa gert það sama að undanförunni og nægir að nefna merki eins og Ford og Opel. Volkswagen Group er einnig að íhuga að hætta framleiðslu á VW Up, Seat Mii og Skoda Citigo. Ástæðan er hærrí þróunarkostnaður vegna strangari mengunarreglna, en það

Rafútgáfa Fiat 500 er líkleg til að haldast í framleiðslu áfram þótt aðrir smábílar Fiat gætu verið að leið út af teikniborðinu.



þýðir aftur á móti að hagnaðurinn vegna framleiðslu smábíla er ekki nægur til að standa undir framleiðslu þeirra. Reglur, sem eiga að tryggja minni mengun, eru því að hafa þau áhrif að minnstu bílarnir sem skilja eftir sig minna kolefnisspor eru á leið út af markaðinum. Ófugsnið, ekki satt?

Þrátt fyrir að vera leiðandi á markaði smábíla er áhersla Fiat að færast af A-flokki bíla yfir á B-flokk. Þess vegna er ekki ólíklegt að nýr Fiat Punto sé á teikniborðinu, sérstaklega þegar samruni FCA og PSA er genginn í gegn. Þá fær Fiat aðgang að undirvagni Peugeot 208 og Opel Corsa sem gefur Fiat möguleika á að koma með raf- og tvíinnútgáfur. Fiat mun þó ætla að halda í

Fiat 500 enn um sinn, en rafútgáfa hans er áætluð að næsta ári. Fiat 500 er óhemju vinsæll en 105.000 eintök voru seld í Evrópu á fyrsta ársfjórðungi 2019. Samt er núverandi kynslóð orðin sjö ára.

Fyrsti Volvo líkbíllinn í fimmtíu ár og fyrsta pöntunin er þegar komin

Það er ekki á hverjum degi sem nýr útfararbill kemur til landsins en á dögunum kom nýr Volvo V90 bill fyrir Útfararstofu Kirkjugarðanna. Hingað til höfum við verið vön að sjá ameríska útfararbíla og því lék okkur forvitni á að vita hvers vegna Volvo hefði orðið fyrir valinu.

Mun umhverfisvænni bill

„Hann varð fyrir valinu vegna gæða- og umhverfissjónarmiða fyrst og fremst,“ sagði Elín Sigrún Jónsdóttir hjá Útfararstofunni. „Hann er mun umhverfisvænni en hinir hefðbundnu ameríska líkbílar, þar er ólíku saman að jafna. Við erum í miklu norrænu samstarfi og kollugar okkar hafa mjög góða reynslu af þessum bílum. Bílarnir eru sem tákni um gæði, metnað og hina norrænu áherslu okkar,“ sagði Elín. Það var ekki sist fyrir fállega hönnun og glæsilegan glugga sem stjórnenndur Útfararstofunnar hrifust af þessum bíl. „Við gerðum okkur grein fyrir mikilvægi þess að að kistan og blómin nyttu sín á leið frá kirkju í kirkjugarð. Það er hluti af því að vinna með það tabú sem dauðinn er í okkar samfélagi,“ segir Elín enn fremur. Þetta er þó ekki fyrsti Volvo-líkbíll-



Elín Sigrún Jónsdóttir hjá Útfararstofu Kirkjugarðanna við nýja líkbíllinn.

» VOLVO V90 VARÐ FYRIR VALINU VEGNA UMHVERFIS-SJÓNARMIÐA EN HANN ER MUN BETRI FYRIR UMHVERFIÐ EN HINIR HEFÐBUNDNU AMERÍSKU LÍKBÍLAR.

inn því líkbíll frá merkinu kom til landsins fyrir um 50 árum. Billinn er ríkulega búinn á allan hátt og er pláss fyrir tvær líkkistur í honum. Að sögn Elínar koma einstöku sinnum óskir um tiltekinn líkbíl. „Í síðustu viku sagði kona mér að hún hefði þráð Volvo allt sitt líf, og að hún vildi fá að fara sína síðustu ferð í Volvo, þannig að segja má að fyrsta pöntunin sé komin,“ segir Elín.

MIDNÆTUROPNUN

í Útilíf Kringlunni 7. nóvember.

Frábært úrval af hágæða vörum fyrir alla fjölskylduna!

Sérfræðingar frá okkar helstu merkjum verða á staðnum frá 19-22.

20%

**AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM VÖRUM**

ÚTILÍF

síðan 1974

KRINGLAN
utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Píanistinn sem sögumaður

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands leikur Víkingur Heiðar píanó-konsert eftir Daniel Bjarnason. Báðir eru á leið til Þýskalands og Austurríkis.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



ALLT FRÁ FYRSTA SLAGI ERUM VIÐ STÖDD Í MIÐPUNKTI FRÁ-SAGNAR, ÞETTA ER EINS OG AÐ VERA KOMINN INN Í MIÐJA BYLTINGU EÐA MITT ELDGOS, MAÐUR KEMUR INN Í EITTHVAÐ KRAUMANDI.

Sinfóníuhljómsveit Íslands er á leið í tónleikaferð til Þýskalands og Austurríkis með hljómsveitarstjóra sínum, Daniel Bjarnasyni, og Víkingi Heiðari Ólafssyni píanóleikara. Á tónleikum hljómsveitarinnar í Hörpu í kvöld, fimmtudagskvöld, og föstudagskvöld verða leikin verk sem verða á efnisskránni erlendis, eftir Grieg, Mozart, Sibelius og Daniel Bjarnason.

Sterk viðbrögð

Verk Daníels er píanókonsertinn Processions sem hann samdi fyrir tíu árum fyrir Víking Heiðar sem flutti hann fyrst á Myrkum músíkdögum. Spurður af hverju hann hafi valið að skrifa konsert fyrir Víking Heiðar segir hann: „Það eru ekki margir aðrir sem hefðu komið til greina. Ég lærði á píanó hjá mömmu hans og þannig kynntist ég Víkingi fyrst. Eftir að hafa lært tónsmíðar hér heima lærði ég hljómsveitarstjórnun í Þýskalandi og var með annan fótinn í New York. Um það leyti varð efnahagshrun hér á landi og þá var þessi konsert skrifaður, í búsáaldabyltingu sem ég fylgdist með að hluta til frá New York en síðan nánast úr stofuglugganum hér á Íslandi. Konsertinn var frumfluttur á Myrkum músíkdögum í miðri búsáaldabyltingu í febrúar 2009 og viðbrögðin voru mjög sterk. Ég fann að þessi konsert talaði til Íslendinga.“

Það var svo mikil þörf fyrir betri fréttir,“ segir Víkingur. „Á þessum tíma voru Myrkir músíkdagar ekki sú hátíð sem hún er í dag hvað vinsældir varðar. Hún var mikil jaðarhátíð en á þessum tónleikum var nær fullur salur og viðtökurnar voru stórkostlegar. Síðan hefur verið mikil eftirspurn eftir þessu verki úti um allan heim. Slíkt gerist

ekki alltaf þegar ný tónlist á í hlut, jafnvel þótt hún sé frábær.“

Ríkulegur heimur

Víkingur Heiðar hefur leikið verkið nokkuð oft, víða um heim. „Við Daniel flytjum þetta verk oft saman sem tvíeyki, ég við píanóið og hann sem hljómsveitarstjóri. En svo hafa aðrir frábærir hljómsveitarstjórar líka sóst eftir að flytja verkið og það er líka spennandi. Mér er sérstaklega minnisstæður flutningur sem Daniel stjórnaði fyrir einu og hálfu ári í Toronto með þeirri frábæru hljómsveit Toronto Symphony og svo flutningur með Gustavo Gimeno fyrir tæpu ári í Stokkhólmi með Sænsku útvarpshljómsveitinni sem er ein skemmtilegasta hljómsveit sem hægt er að spila með. Þetta er verk sem maður finnur að virkar á tónleikum.“

Spurður hvað það sé við verkið sem gerir að verkum að fólk tengir svo vel við það segir Víkingur Heiðar: „Það er svo mikil frásögn í því. Allt frá fyrsta slagi erum við stödd í miðpunkti frásagnar, þetta er eins og að vera kominn inn í miðja byltingu eða mitt eldgos, maður kemur inn í eitthvað kraumandi. Píanistinn er mjög mikill sögumaður í verkinu og hljómsveitin skapar ríkulegan heim. Píanóið leiðir frásögnina áfram en á sama tíma er hljómsveitin mjög virk. Hljóðfæraleikurum í hljómsveit hefur þótt virkilega skemmtilegt að spila verkið. Þetta er ekki eins og stundum er með einleikskonserterna að hljóðfæraleikararnir hlakki minna til þeirra en sinfónianna vegna þess að þar eru þeir í undir-



Víkingur Heiðar og Daniel eru æskuvinir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

leikshlutverki. Það á ekki við hér, þetta er píanósinfónía.“

Nú mun konsertinn hljóma í Þýskalandi og Austurríki og annað íslenskt verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur verður einnig á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitarinnar. „Ég hef einu sinni áður spilað píanókonsert Daníels í Þýskalandi með útvarpshljómsveitinni í Leipzig árið 2017,“ segir Víkingur Heiðar. „Núna verða tónleikar í Berlín og München, tveimur leiðandi tónlistarborgum.“

Hluti af Íslandshátíð

Í Berlín eru tónleikarnir hluti af mikilli Íslandshátíð þar sem fram koma fjölmargir íslenskir flytjendur og tónskáld. Hátíðin er hugarfóstur Vikings Heiðars sem er staðarlistamaður Konzerthaus í Berlín. „Í Þýskalandi er mikill áhugi á íslenskri menningu og öllu því sem íslenskt er. Það er alltaf gaman að koma fram þar og það verður einstakt að vera með hljómsveitinni í Þýskalandi.“

„Þetta er í fyrsta sinn sem hljómsveitin fer í ferðalag með íslenskan hljómsveitarstjóra og heimsfrægan íslenskan einleikara og hefur íslenska tónlist á efnisskrá. Það segir nokkuð mikið um stöðu íslenskrar samtímatónlistar, sem hefur fengið mikla athygli undanfarið,“ segir Daniel. „Það verður gaman að fara í þessa ferð með Sinfóníuhljómsveit Íslands, flagga okkar bestu listamönnum og hafa íslenska tónlist með í för.“

Hvernig hugmyndir finna fólkíð sitt

BÆKUR

Korngult hár grá augu

★★★★★

Sjón

Útgefandi: JPV

Blaðsíður: 117

Hvað mótar mann og gerir hann að sjálfum sér og hvernig hættulegar hugmyndir finna fólkíð sitt er viðfangsefni Sjóns í þessari bók.

Hún spannar stutt og snarpt lífshlaup hins norsk-íslenska Gunnars Pálssonar Kampen sem nær 24 ára aldri áður en hann finnst látinn um borð í lest í Bretlandi árið 1962. Bókin byrjar á þessu en svo er líf hans rakið í þremur bókarhlutum, sá fyrsti er samsettur úr æskuminningum Gunnars og leiddar að því

líkur að það séu þær minningar og upplifanir sem helst móta hann og þá stefnu sem hann tekur í lífinu, miðhlutinn er bréf frá Gunnari til nokkurra lykilpersóna í lífi hans og lokin segja frá síðustu ævidögum hans og aðdraganda þess að hann finnst í lestinni. Titill bókarinnar, Korngult hár grá augu, er svo lýsing lögreglumanna á líki hans.

Við kynnumst Gunnari þannig á þrennan hátt, í minningum hans sem við sjáum líkt og kvikmynd, bréfum þar sem við kynnumst því sem hann hugsar og hvernig hann vill að aðrir sjái hann og svo sjáum við hann eins fullnustaðan og hann verður síðustu ævidagana.

Hinn rauði þráður er ástríða Gunnars fyrir nasisma, ástríða sem verður honum allt. Í henni finnur

hann tilgang og sama stað, hann finnur fyrirmyndir í norskum ættmennum sem voru handgengin Þjóðverjum á hernámsárunum og hann leggur síðustu andartökin í sölnurnar fyrir málstaðinn.

Sjón hefur margsýnt sína fínþússuðu stílgáfu og hennar gætir einnig hér. Bókin er stutt í orðum talið en hvert orð er valið af nákvæmni, setningar meitlaðar gaumgæfilega og málsgreinum raðað



saman þannig að söguheimurinn er dýpri en sést, það eru vísbendingar út um allt og ekkert af tilviljun. Áherslan er þó mest á frásögnina, kannski á kostnað sögunnar, ekki eru felldir dómar sem veldur því að Gunnar sem persóna er í forgrunni en síður það sem hann stendur fyrir. Gunnar Kampen er byggður á manni sem var til

og ýmsar persónur sem voru til í raunveruleikanum koma við sögu hans, sögu sem virkar svo ótrúleg í ljósi þess hve stutt er frá lokum síðari heimsstyrjaldar þegar sagan gerist og sem kallast á við þann óhugnanlega raunveruleika að nasismi er í dag á uppleið í heiminum. Þær aðferðir sem Gunnar nýtir til að afla hugmyndum sínum fylgis eru við lýði enn í dag og Sjón bendir á að ærin ástæða er til að vera á varðbergi og gefa þessum samtökum gaum. Þannig má segja að í bókinni sé aðvörunarbjalla en sem slík kannski ekki nógu hvell.

Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTAÐA: Eftirminnileg bók um það sem mótast einstakling og hvernig hugmyndir finna fólkíð sitt.

UNDIRBÚÐU JÓLIN Í NETTÓ!

Fylltur grísabógur
Kjötsel

1.079 KR/KG
ÁÐUR: 1.798 KR/KG

-40%



-36%

Sagaður hangiframpartur
KEA

1.196 KR/KG
ÁÐUR: 1.869 KR/KG



-20%

Heill lambhryggur
Kjötborð

2.398 KR/KG
ÁÐUR: 2.998 KR/KG



Súkkulaði
jólakúkur
400 gr

599 KR/PK



Jóladagatöl
Mars - Maltesers - Galaxy

599 KR/STK



LJÚFFENGT GÆÐAKJÖT
Á TILBOÐSVERÐI!

Léttreyktur
lambhryggur
Kjötsel

2.729 KR/KG
ÁÐUR: 3.898 KR/KG

-30%



Piparkökur

299 KR/PK



-20%

Beinlausar grísakótilettur
Kjötborð

1.379 KR/KG
ÁÐUR: 2.298 KR/KG



Katla glassúr
500 ml - 5 litir

1.199 KR/PK



-35%

Rúsínubollur

59 KR/STK
ÁÐUR: 89 KR/STK



Sætar kartöflur

195 KR/KG
ÁÐUR: 389 KR/KG

-50%



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is


Tilboðin gilda 7. - 10. nóvember

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ÓDÝRAST Á NETINU
Í VEFVERSLUN NETTÓ*

*Skv. könnun Fréttablaðsins

nettó
í jólaskapi



Þægileg afþreying

BÆKUR

Innflytjandinn
Ólafur Jóhann Ólafsson

★★★★★

Útgefandi: Veröld
Fjöldi síðna: 398

Ólafur Jóhann Ólafsson (f. 1962) er höfundur sem árlega er auglýstur með sterkum lýsingarorðum, ósjaldan í efsta stigi. Persónur hans eru sagðar „frábærlega vel teiknaðar“, söguþræðirnir „mergjaðir“ og ritverk hans „virkilega heillandi“ svo teknar séu nokkrar tilvitnanir úr dómum um hans fyrri verk sem birtar eru á bakhlíð hans nýjustu bókar. Innflytjandinn nefnist hún og er fimmtánda bók Ólafs Jóhanns á riflega þremur áratugum.

Ad þessu sinni er þó ekki ástæða til háfleygra lýsinga. Innflytjandinn er fremur látlaus sakamála-saga. Á bestu sprettunum er bókin ekki ósvipuð sumum síðari verkum Arnaldar Indriðasonar en stendur þeim þó nokkuð að baki bæði hvað varðar persónusköpun og sögufléttu. Aðalpersónan Hildur er riflega miðaldra, vel stæð ekkja, búsett í New York. Hún kemur til landsins með duftker vinar síns til að uppfylla hans hinstu ósk en dregst þá inn í lögreglu-rannsókn á hvarfi ungrar konu. Inn í það blandast lát ungs karlmanns af erlendum uppruna og þegar fram í sækir lítur út fyrir að málin tvö tengist á einhvern hátt. Athyglin sem konuhvarfið fær samantborið við það hversu litill gaumur er gefinn að dauðsfalli innflytjandans á sér auðsæja samsvörun í fremur nýliðnum

atburðum hér á landi. Framvinda málanna tveggja og lyktir verða þó með nokkuð öðrum hætti í sögunni heldur en raunverunni. Engu að síður hnykkir íslenskum lesendum sjálfsagt mörgum við samlíkinguna sökum þess hve skammt er um liðið frá því að þjóðin sat agndofa yfir fréttum af hvarfi ungrar konu í Reykjavík.

Í kynningarviðtölum hefur nokkuð verið látið með það að bókin fjalli um stöðu innflytjenda á Íslandi. Vissulega koma málafni þeirra hér við sögu en sú úrvinnsla ristir ekki djúpt. Er þó ljóst að höfundur hefur sett sig inn í menningar- og trúarumhverfi múslima á Íslandi og að nokkru leyti einnig aðbúnað

hælisleitenda og innflytjenda. Hins vegar hnitast sagan ekki síður um persónulegt líf Hildar án þess þó að sá þráður nái raunverulegri festu í heildarvefnaðinum. Hildur er kona sem lifað hefur áreynslulitlu lífi vestur í Ameríku við efnahagslega velsæld (líkt og höfundurinn sjálfur), en á það á hættu eftir lát eiginmanns síns að fjölskylda hans – auðugir arabar – sölsi til sín hluta af arfleifð hans. Hún stendur líka í brasi vegna matargagnrýni sem hún hefur skrifað undir dulnefni fyrir erlent tíðindarit án þess að sú hlíðarsaga gangi almennilega upp í heildarsamhenginu heldur.

Persónugalleri sögunnar er fjölmennit og á köflum erfitt að halda þræði. Stíllinn einkennist af samtölum og sviðsmyndum þar sem borgarlandið er áberandi. Inn á milli eru skáldlegir sprettir. Vetrarveður, ófærð og samgönguferðileikar endurspeglar hindranir í framvindu sögunnar, hvort sem um er að ræða óþjálta regluverk hins opinbera eða teppur í sálarlífi aðalpersónunnar. Í gegnum gestsauga Hildar er brugðið upp mynd af íslensku samfélagi á fyrri hluta 21. aldar, eins og það kemur henni (eða höfundi sjálfum?) fyrir sjónir í samskiptum við fólk en einnig eins og það birtist í umræðu samfélagsmiðlanna sem seint verða taldir til gullaldarþóknar. Er það býsna nóturleg lýsing á köflum en kunnugleg engu að síður.

Athygli lesanda er með öðrum orðum beint að nokkrum auðsæjum samfélagsmeinum en ekki verður sagt að stungið sé á þeim. Þannig er þessi bók í ætt við þægilega lyftutónlist – hún liður áfram án mikilla tilþrifa eða afhjúpana og veldur litlu ónæði.

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

NIDURSTADA: Þægileg afþreying. Afhjúpár fátt og ógnar engu frekar en lyftutónlistin.



— VERTU —
NÁTTÚRUAFL

♥ VEGAN

♥ ÁN VIÐBÆTTIS SYKURS OG SÆTUEFNA

♥ ÁN GERVI BRAGÐ- OG LITAREFNA

♥ ÁN PÁLMAOLÍU

Aftur til fortíðar í fimm þáttum

BÆKUR

Vetrargulrætur – sögur

★★★★★

Ragna Sigurðardóttir

Útgefandi: Mál og Menning
Fjöldi síðna: 254

Í sagnasafninu Vetrargulrætur – sögur reidir rithöfundurinn Ragna Sigurðardóttir fram fimm sögur þar sem oftast er horft til fortíðar. Þótt persónurnar séu skapaðar í ólíkum tíma og rúmi eiga þær ýmislegt sameiginlegt og er listin, eða öllu heldur listsköpunin, þráður í flestum sögunum.

Vetrargulrætur hefst í íslenskum samtíma og lýkur á 18. öld. Í fyrstu sögunni fær lesandi að kynnast Hildi, myndlistarkonu sem hefur störf á fristundaheimili um miðjan vetur og glímur við afleiðingar áfalls. Ragna eyðir ekki meira púðri í samtímann og í næstu sögu stekkur hún með lesanda nær þrjátíu ár aftur í tímann, til Hollands þar sem ungur listamaður fylgist örvæntingarfyllur með unnustu sinni sökkva í þunglyndi yfir vetrarmánuðina.

Í þriðju sögunni fær lesandi að kynnast Ástu, listakonu og húsmóður í höfuðborginni á sjötta áratug síðustu aldar. Eiginmaður Ástu er fyrirferðarmikill í listaheiminum en hennar listsköpun liður fyrir hans.



Ragna Sigurðardóttir rithöfundur horfir til fortíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Söguvið fjórðu sögunnar er millistríðsárin og hefst sagan í Kaupmannahöfn. Tvær vinkonur frá því á háskólaárunum reyna að feta sig í nýju heimsu-hverfi þar sem önnur er á flotta undan nasistum en hin er örugg yfirstéttarkona. Í fimmtu og síðustu sögunni er blindur unglingspiltur á átjándu öld í aðalhlutverki þar sem hann leitar að fegurð í lífi sínu.

Það kemur kannski ekki á óvart hve mikið rými listin, þá helst málalistin, fær í sögunum sem birtast í Vetrargulrótum, enda er Ragna sjálf listakona. Persónur verksins leita að rými til þess að skapa, þroskast og lifa. Síðasta sagan sker sig kannski einna helst úr þar, enda hafði sveitar-

ómagi á átjándu öld eflaust hvorki tíma né rými fyrir annað en listsköpun hugans.

Sumar sögurnar eru sterkari en aðrar, líkt og gerist gjarnan þegar sögur koma saman. Þá eru það helst fyrstu tvær sögurnar sem eru heldur líkar í stíl og bragði þar sem báðar aðalpersónurnar eru helteknar af annarri manneskju úr eigin lífi.

Vetrargulrætur inniheldur í heildina vel smurðar sögur. Textinn er ljóðrænn á köflum sem gefur honum fallegan brag á sama tíma og höfundur hefur greinilega unnið heimavinnuna og skapað sannfærandi sagnasvið. Textinn vekur með lesanda áhuga, samúð og sorg enda vinnur höfundur með minni úr fortíð og nútíð sem eru kunn lesendum, á borð við aðþrengdar eiginkonur á 19. öld, gyðinga á flotta, undirokaða sveitarómaga og konur sem þjást af kulnun í starfi.

Bryndís Silja Pálmadóttir

NIDURSTADA: Ljómandi gott sagnasafn ofið aftur í tímann.





Skemmtilegasti sjónvarpsmaður landsins er gestur Sigmundar Ernir í Mannamáli kvöldsins – og það verður allt látið flakka!

Mannamál á Hringbraut kl. 20.00 öll fimmtudagskvöld



FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



21

Frétta- og umræðupátturinn **tuttuguoginn** alla virka daga klukkan 21.00

Fylgstu með!

Fimmtudagur

RÚV SJÓNVARP

- 12.35 Kastljós
- 12.50 Menningin
- 13.00 Útsvar 2018-2019
- 14.15 Popppunktur
- 15.20 Landinn 2010-2011
- 15.50 Milli himins og jarðar
- 16.50 Sælkerافرðir Ricks Stein – Bordeaux
- 17.50 Táknálsfréttir
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Lars uppvakningur
- 18.16 Anna og vélmennin
- 18.38 Handboltaáskorunin
- 18.50 Krakkafréttir
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.50 Menningin Fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífni, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
- 20.05 Soð Ferða- og matreiðslu-þáttur þar sem Kristinn Guðmundsson ferðast með vini sínum, Janusi Braga, um heimaslóðir sínar á Reykjanesi og eldar fyrir hann. Dagskrárgerð og framleiðsla: Kristinn Guðmundsson.
- 20.25 Upphaldsréttir Nadiyu Matreiðsluþáttir frá BBC þar sem matreiðslukonan Nadiya Hussain töfrar fram girnilega rétti sem eru í upphaldi hjá fjölskyldu hennar.
- 21.05 Berlínarsaga Fjórða þáttaröð þessara margverðlaunuðu þýsku þátta um Kupfer-fjölskylduna í Austur-Berlín og afdrif hennar eftir fall Berlínarmúrins. Meðal leikenda eru Florian Lukas, Uwe Kockisch, Jörg Hartmann, Anna Loos, Ruth Reinecke og Lisa Wagner. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Kynlífsfræðingarnir Fjórða þáttaröðin um William Masters og Virginíu Johnson sem voru frumkvöðlar á sviði kynlífsrannsókna. Aðalhlutverk leika Michael Sheen, Lizzy Caplan og Caitlin FitzGerald. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 23.20 Pabbahelgar Íslensk sex þátta röð um Karen, 38 ára hjónabandsráðgjafa og þriggja barna móður, sem stendur frammi fyrir erfiðum ákvörðunum þegar hún kemst að því að eiginmaður hennar hefur verið henni ótrúur. Hún á erfitt með að fyrirgefa eiginmanninn en það versta sem hún getur hugsað sér eru svokallaðar pabbahelgar. Leikstjórn: Nanna Kristín Magnúsdóttir og Marteinn Þórsson. Aðalhlutverk: Nanna Kristín Magnúsdóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson. Framleiðsla: Zik Zak kvikmyndir og Ungar kvikmyndafélag. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
- 00.05 Atlanta
- 00.30 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

- 08.15 Swinging Skirts LPGA Taiwan
- 12.15 Golfing World 2019
- 13.05 Champions Tour Highlights 2019
- 14.00 Swinging Skirts LPGA Taiwan
- 18.40 Golfing World 2019
- 19.30 Champions Tour Highlights 2019
- 20.25 Turkish Airlines Open
- 02.00 TOTO Japan Classic

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

- 08.00 Dr. Phil
- 08.42 The Late Late Show
- 09.22 Síminn + Spotify
- 12.00 Everybody Loves Raymond
- 12.25 The King of Queens
- 12.48 How I Met Your Mother
- 13.10 Dr. Phil
- 13.52 Man with a Plan
- 14.13 The Voice US
- 16.00 Malcolm in the Middle
- 16.20 Everybody Loves Raymond
- 16.45 The King of Queens
- 17.05 How I Met Your Mother
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 The Late Late Show
- 19.00 America's Funniest Home Videos
- 19.20 Superior Donuts
- 19.45 Single Parents
- 20.10 Með Loga
- 21.10 9-1-1
- 21.55 Emergence
- 22.40 In the Dark
- 23.25 The Code
- 00.10 The Late Late Show
- 00.55 NCIS
- 01.40 Billions
- 02.40 The Handmaid's Tale
- 03.35 Black Monday
- 04.05 SMILF
- 04.35 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Segðu mér
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Á reki með KK
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.40 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir
- 12.55 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Á tónsviðinu
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Flakk
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Viðsjá
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestin
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Útlit UngRÚV
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Sinfóniukvöld: Á leið í tónleikasal
- 19.27 Sinfóniutónleikar
- 20.15 Umfjöllun í hléi
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Samfélagið
- 23.05 Lestin
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 11.50 Dare To Be Wild
- 13.35 Paterno
- 15.20 Love and Friendship
- 16.55 Dare To Be Wild
- 18.40 Paterno
- 20.25 Love and Friendship
- 22.00 Stronger
- 00.00 The History of Love
- 02.15 The Fallen
- 04.10 Stronger

STÖÐ 2

- 08.00 Friends
- 08.20 Grey's Anatomy
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Two and a Half Men
- 09.45 Besti vinur mannsins
- 10.10 Grand Designs
- 11.00 Jamie Cooks Italy
- 11.45 Puppy School
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Robo-Dog
- 14.30 Lego DC Comics Super Heroes: The Flash Frábær teiknimynd um Justice League sem þurfa enn og aftur að kljást við vandræði Jókensins en skyndilega fer eitthvað úrskeiðis með ofurkrafta The Flash og þá eru góð ráð dýr.
- 15.50 Scooby-Doo! Shaggy's Showdown
- 17.15 Stelpurnar
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.28 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Sportpakkinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Fresh Off The Boat Gamanþáttur um tævanska fjölskyldu sem flytur til Ameríku á tíunda áratugnum og freista þess að fá að upplifa ameríska drauminn.
- 19.30 Masterchef USA Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni ásamt þeim Aarón Sanchez og hinum eina sanna Joe Bastianich. Af gaumgæfni velja nú dómarnir 20 manna hóp sem mun keppa innbyrðis í ýmsum þrautum sem eru lagðar fram í eldamenskunni. Eins og áður reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda. Að lokum er það svo einn sem stendur uppi sem Meistarakokkurinn.
- 20.15 The Blacklist
- 21.00 Mr. Mercedes
- 21.55 Real Time With Bill Maher
- 22.55 Grantchester 4
- 23.40 Prodigal Son
- 00.25 Manifest
- 01.10 Manifest
- 01.50 Game of Thrones
- 02.50 Game of Thrones
- 03.45 Game of Thrones

STÖÐ 3

- 19.10 The Middle
- 19.35 The Big Bang Theory
- 20.00 Friends
- 20.25 Seinfeld
- 20.50 Supergirl
- 21.40 Batwoman
- 22.25 Underground
- 23.15 Barry
- 23.45 American Dad
- 00.05 The Middle
- 00.30 The Big Bang Theory
- 00.50 Friends
- 01.15 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

- 06.50 Rauða stjarnan - Tottenham
- 08.30 Real Madrid - Galatasaray
- 10.10 Bayern - Olympiacos
- 11.50 Atalanta - Manchester City
- 13.30 Meistaradeildarmörkin
- 14.00 Vitoria - Arsenal
- 15.40 Astana - AZ Alkmaar
- 17.45 Lazio - Celtic
- 19.50 Manchester United - Partizan
- 22.30 Skallagrímur - Breiðablik
- 00.10 Grindavík - Stjarnan

STÖÐ 2 SPORT 2

- 19.05 Grindavík - Stjarnan

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útlit Saga
- FM 100,5 K100

- FM 102,9 Lindin

Nýtt

SUÐUSÚKKULAÐI

*með karamellukurli
og sjávarsalti*



Suðusúkkulaði er nú fáanlegt með karamellukurli og sjávarsalti.

*Þetta dásemdarsúkkulaði er ómótstæðilegt með
kaffinu, í baksturinn, ísgerðina, eftirröttina eða bara
eitt og sér.*



NS
NÓI SÍRÍUS

Það besta á varirnar

Hvað nota þessar glæsilegu konur á varirnar til að líta óaðfinnanlega út? Svörin eru misjöfn en varasalvar, glossar, blýantar, varalitir og farðagrunnur koma við sögu.



Á alltaf góða farðagrunna og blýanta

Hafdis Helgudóttir Hinriksdóttir, félagsfræðingur, áfallaþerapisti og förðunarfræðingur, kann svo sannarlega öll skrefin að fallegum vörum.

„Ég er mjög gjörn á að fá varaþurrk, sérstaklega þegar það fer að kólna úti svo það skiptir mig miklu máli að eiga góða varasalva sem næra varirnar og mýkja.“

Farðagrunnur og blýantar

„Yfirleitt fara varalitir og glossar með sterkum litum að „blæða“ hjá mér og því er ótrúlega mikilvægt að ég noti vörur sem halda varalitnum á þeim stað sem ég vil hafa hann. Ég á alltaf góða „primera“ og blýanta sem vinna galdra í þeim efnum. Ég nota Urban Decay Ultimate Ozone gríðarlega mikið, set hann yfir allar varirnar og læt hann þorna. Því næst set ég þennan í kringum varirnar, það skiptir ótrúlega miklu máli að teygja á húðinni til að slétta úr öllu, þannig fer formúlan inn í allar finar línur og sléttir úr. Passa að setja út fyrir varirnar til að loka vel.“

Varalita-blýantar

„Því næst set ég varalita-blýant í þeim lit sem ég kys hverju sinni, ég er svaklega hrifin af blýöntunum m.a. frá MAC, Lancôme og Charlotte Tilbury.“



Varalitir

„Svo þegar ég er í stúdi þá finnst mér æðislegt að setja á mig varaliti, ýmist frá nude litum og alveg upp í dökka berjaliti. Hér eru þeir sem ég elska mest.“



Glossar

„Ég á alltaf nóg af glossum sem ég nota bæði dagsdaglega og þegar ég er að fara eitthvað finna og eru nokkrir í upphaldi.“



Vill frískar og fallegar varir

Steinunn Edda Steingrimsdóttir, förðunarfræðingur og flugfreyja, segist alltaf hafa verið hrifnari af glossum en varalitum og er alltaf með tvo í veskinu.

„Ég hef alltaf verið hrifnari af glossum heldur en varalitum. Ég fíla glansinn og næringuna sem þeir gefa í leiðinni og finnst ég einhvern veginn frísklegri með gloss og varirnar fallegri. Það eru tveir glossar sem ég á alltaf í veskinu og nota nánast daglega saman eða sitt á hvað.“

Það er annars vegar Instant Light Natural Lip Perfector glossinn í lit númer 2 frá Clarins. Hann kaupir ég oftast um borð í vélum Icelandair í Saga Shop eða í Hagkaup.

Hinn glossinn sem ég elska ofboðslega mikið er Lip Injection Extreme frá Too Faced. Hann er alveg glær svo ég nota hann óspart einan og sér eða undir aðra liti. Þennan kaupir ég í snyrtivörversluninni Sephora.“



Instant Light Natural Lip Perfector varaglossar frá Clarins

Þessir glossar eru óheyrilega mjúkir í túpu sem fer vel í veski og vasa. Glossinn kreist fram í litinn svamp sem gerir ásetningu ótrúlega þægilega. Ég er hrifin af lit númer 2 því hann er svona hlutlaus ljós litur sem ég heillast alltaf af.



Too Faced Lip Injection Extreme

Glossinn er svokallaður „plumper“ sem ertir varirnar örllítið svo þær virka aðeins stærri og þrýstnari.

Alveg ljósar og vel nærðar varir

Andrea Magnúsdóttir fatahönnuður vill hafa varirnar alveg ljósar og hefur fundið þrjá glossa sem henta henni.

„Ég er oftast með varirnar alveg ljósar og vil að varaliturinn sé nærandi, þínu eins og varasalvi. Ég notaði sama glossinn frá L'Oréal í mörg ár eða þangað til hann hætti í framleiðslu og hef verið í góðan tíma að finna nýjan upphalds. Þessir þrjú eru allir í töskunni minni núna og hafa allir þessa eiginleika sem ég vil og eru ekki klístraðir.“



Guerlain varalitur Rouge G Refill nr 520

Þessi varalitur lítur út fyrir að vera skær appelsínugulur en er eiginlega alveg glær þegar hann er kominn á. Ég féll alveg fyrir umbúðunum eða hulstrinu en þegar maður opnar það, opnast lítil spegill. Þú velur þér umbúðir í lit sem þig langar í og svo kaupir maður áfyllingar á sama hulstur, getur skipt um lit en átt alltaf sama hulstur.



NYX #this is everything varaolía

Olían veitir æðislega áferð, er nærandi og fullkomin þegar það fer að kólna.

Maybelline 50 Baddest Beige

Glossinn er með fallegan beige tón og veitir hinn fullkomna „nude“ tón.



Oft ómáluð með varalit eða gloss

Elisabet Gunnarsdóttir, eigandi Trendnets, á það til að setja aðeins á sig varalit eða gloss og bíður spennu eftir jólatrendi hvers árs, rauðu vörunum.

„Ég er ein þeirra sem nota oft á tíðum eingöngu varalit eða gloss þegar ég fer út úr húsi. Það er á þeim dögum þegar ég hendi hárinu upp í snúð og fer ómáluð í notalegum gir frá heimilinu en nota samt smá lit á varirnar. Finnst það gera svo mikið. Nú er sá tími árs að ég er alltaf með varasalva á mér því kuldinn veldur varaþurrki, örugglega margir sem tengja við það. Það er líka sá tími árs að ég fer að færa mig yfir í rauðari varir og hlakka á sama tíma til jóllanna, rauðar varir í desember er allavega trend sem fellur aldrei úr tísku. Við erum alveg að koma þangað, mikið finnst mér tíminn líða hratt!“

Ég festist ekki beint við merki þegar kemur að varalitum og er alltaf að prófa eitthvað nýtt. En ef mér líkar vel við eitthvað, kaupir ég það aftur. Varasalvar aftur á móti eru eitthvað sem ég kaupir alltaf frá sömu merkjum og ég sé, þegar ég fer að skoða málið, að ég er að velja íslenskt, sem er ekki verra.“



Karl Lagerfeld x L'Oréal

Ég tryllist smá yfir samstarfi Loreal við Karl Lagerfeld heitinn. Þetta er vörulína sem hann vann með snyrtivörurinum rétt áður en hann lést og hún var að fara í sölu núna um mánaðamótin.

MAC varalitir

Ég á alltaf matta varaliti frá MAC í töskunni, þennan sem þú grípur í hversdags allt árið um kring. Ég get mælt með litunum Velvet teddy eða Brave, sem ég á sjálf til þessa stundina.



Jöklamús

Ef ég er virkilega slæm af varaþurrki þá nota ég þetta töfrakrem frá Jöklamús sem er algjör nauðsyn á veturnar á mitt heimili. Við notum það öll í fjölskyldunni.

A4

Miðnætursprengja

í Kringlunni í dag

20%
afsláttur
af öllum vörum



WWW.A4.IS

 /A4VERSLANIR

TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í VERSLUN A4 Í KRINGLUNNI

Varmadælar & loftkæling



Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægur slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins
kr. 145.000 m.vsk
Midea KMB-E09
Max 3,4 kW
2,65 kW við -7° úti og
20° inni hita (COP 2,85)
f. íbúð ca 40m².

Umhverfisvænn
kælimiðill



Wifi búnaður fylgir með öllum varmadælum meðan birgðir endast

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flísum

Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s. 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

ALUPROF GEZE

Bjódum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

JARN&GLER
Járn & Gler ehf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

Alltaf nóg til af humri hjá Norðanfiski...
STÓRUM HUMRI!!

Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakningum í verslunum Bónus um land allt.

norðanfiskur



Þættirnir eru sýndir vikulega í Sjónvarpi Símans klukkan 20.10. MYND/AXEL SIGURDARSON

Þetta fólk á sitt líf og sínar tilfinningar

Fyrsti þáttur þriðju seríu af Með Loga verður frumsýndur í Sjónvarpi Símans í kvöld. Í þáttunum ræðir Logi af dýpt við þjóðþekkt einstaklinga sem deila oft sögum sem ekki hafa heyrst opinberlega.

Í kvöld hefur þriðja serían af þáttunum Með Loga göngu sína í Sjónvarpi símans, en þeir eru í opinni dagskrá. Næstu fimm fimmtudaga fær Logi til sín góða gesti en gestur hans í kvöld er Ásdís Halla Bragadóttir.

„Það eru sex þættir í heildina í seríunni og þeir eru skemmtilega ólíkir. Við byrjum á Ásdísi, það er alveg meiri háttar þáttur og á ábyggilega eftir að vekja mikla athygli. Hennar lifer bara svo áhuga-vert. Þegar maður sér hana fyrst þá ber hún ekki með sér að hafa upplifað þennan rússibana sem líf hennar hefur verið. Svo er hún líka svo einlæg,“ segir Logi.

Gamall draumur Loga rættist svo þegar hann fékk loks að taka fót-boltakappann Eið Smára Guðjohnsen í ítarlegt viðtal.

„Hann er fót-bolta-hetjan mín, mér fannst æðislegt að fá að gera það. Í því viðtali koma ýmsir hlutir fram sem maður gerði sér ekki grein fyrir um atvinnumannalífið.“

Logi segir marga af viðmælendum seríunnar hafa deilt með honum og áhorfendum hlutum sem áður hafa ekki komið fram fyrir alþjóð.

„Eiginlega deildu þau öll með mér sögum sem þau hafa ekki sagt áður opinberlega. Mér fannst mjög merkilegt að heyra þær og ég held að áhorfendum muni finnast það líka. Þetta er allt fólk sem hefur sinnt sínum störfum fyrir framan alþjóð og maður hefur sett þau í ákveðinn kassa, en svo á þetta fólk sitt líf og sínar tilfinningar. Þau hugsa um

VIÐMÆLENDUR LOGA

7. nóvember
Ásdís Halla Bragadóttir

14. nóvember
Eiður Smári Guðjohnsen

21. nóvember
Jón Gnarr

28. nóvember
Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

5. desember
Helgi Seljan

og upplifa bara alls konar hluti sem maður gerir sér ekki grein fyrir,“ segir Logi.

Það stendur ekki á svörum þegar Logi er inntur eftir áhugaverðu atviki við gerð þáttanna.

„Það var fyrsti þátturinn sem við tókum upp þar sem ég talaði við Ólaf Ragnar Grímsson. Það var alveg magnað. Þarna opnar hann sig í fyrsta skipti um forsetatíðina sína. Þá vissum við ekki þannig séð hvað við vorum að fara út í. Svo sat hann bara með okkur þarna, forseti til tuttugu ára, og sagði okkur allt mögulegt sem aldrei hafði komið áður fram. Sem er í sjálfu sér alveg ótrúlegt.“

Hann segir mörg af viðtölunum engu síður eftirminnileg.

„Það myndast ákveðin nánd þegar þú situr með einhverjum í klukkutíma. Það er eins og það sé enginn þarna nema ég og við-mælendinn þótt það sé auðvitað fullt af tókuliði á staðnum. Þetta er svo skemmtilegt. Svo er þetta allt óðrúsi en það sem ég hef verið að gera áður. Þegar maður er að stjórna spjallþætti, þá hefur maður gestinn í stólnum í kannski 8-10 mínútur. Maður er alltaf að reyna að halda þræði, viðtalinu gangandi og fara með viðmælendann á einhvern stað sem þú vilt að hann fari á. Svo auðvitað líka að fíflast og halda þessu skemmtilegu. Þarna eru allt aðrar reglur, lengri tími og það myndast miklu meiri dýpt og nánd. Fólk opnar sig með hluti sem það gerir alls ekki dagsdaglega.“

steingerdur@frettabladid.is

ÞETTA ER ALLT FÓLK SEM HEFUR SINNT SÍNUM STÖRFUM FYRIR FRAMAN ALÞJÓÐ OG MAÐUR HEFUR SETT ÞAU Í ÁKVEÐINN KASSA, EN SVO Á ÞETTA FÓLK SITT LÍF OG SÍNAR TILFINNINGAR.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason guðaf@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson, hlynur@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava O'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SERBLÓÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, FÓLK OG SERBLÓÐ EFTIR: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RÁÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Guðrún Inga Grétarsdóttir guðruninga@frettabladid.is

BYKO



Birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrenngl. Tilboð gilda til 14. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Útisería

LED micro-light.
50 perur með
spennubreyti.

3.795

88167934



Útisería

LED micro-light.
100 perur með
spennubreyti.

5.995

88167932

Sam-
tengjanlegar.
Endingar-
tími allt að
20.000 klst

Warm white,
cool white,
rauðar eða
mislitar



Jóla ljós

Paint snow, 5 LED.

6.995

51880796

Ljósahringur

Curly 30cm svartur

3.995

51880824

48cm

6.295

51880825



Lýstu
upp
gardið

Ljós

LED hlý hvít birta spot.

6.395

51880971



Tilboðsverð

Potta og pönnuset

5 stk.

18.745

41114681

Almennt verð: 24.995

BerlingerHaus

5stk.



BRADY
WHEN PERFORMANCE MATTERS MOST



Tilboðsverð

Merkivél

BMP21-Plus.

14.995

99139535

Almennt verð: 19.995

Nýtt í
BYKO

Jóla- blaðið

er á byko.is



OSRAM

ráðgjöf

BYKO Granda

Guðný frá OSRAM verður í verslun okkar á Granda **laugardag milli 11 og 15** þar sem hún miðlar af þekkingu sinni varðandi perur og lýsingu -

Komdu og fáðu góð ráð!



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á netinu á byko.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is

Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Torg.ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Þorbjargar
Gunnlaugsdóttur



Litlu lygarnar

Einu sinni heyrði ég um mann að hann léti ekki góða fýlu fram hjá sér fara. Það var hundur í honum og maðurinn skemmtilegur eftir því. Eftir margra ára vangaveltur er niðurstaða mín að ekkert geti skýrt fýluna betur en að maðurinn var svangur.

Við lifum í samfélagi þar sem svengdín telst dyggð. Í samfélagi þar sem fólk lætur hafa eftir sér opinberlega að uppáhaldsdrykkur þess sé vatn og að það besta sem það fær á morgnana sé spinat. Vitleysan fær að vaða uppi. Fyrir vikið felur fólk ekki lengur áfengi í skápum heldur mat. Skúffurnar í skrifborðinu í vinnunni geyma ekki lengur vinnupappíra heldur nammið sem heldur geðinu gangandi.

Ég er glöð ef ég er södd og líka mun minna glöð ef ég er svöng. Þess vegna læt ég það helst ekki henda. Ég veit að ég er ekki ein hér. Er boðið upp á mat í brúðkaupsveislum vegna þess að fólk getur ekki borðað heima hjá sér? Eru heitir réttir með skinku og aspas í öllum betri barnaafmælum af því að afmælisbarnið heimtar það? Nei, það er væntumþykja til gestanna sem mæta til afmælisbarns, sem einhver annar á.

Í aðdraganda aðventu og jóla fer málstaður lífsglaða fólksins á dagskrá, fólksins sem elskar kjöt, er sjúkt í sykraðar kartöflur og sósur og fer á taugum yfir innliti á bráðamóttöku í kjölfarið. Það er ekki eins og við séum með hjartaflökt alla daga. Vandaður undirbúningur jólahalds felst í að teikna upp þétt jólaboð, ákveða hvaða hugmyndafræði á að vinna með í röðum á hlaðborðunum og að muna að gefa af sér, til dæmis kenna öðrum að fara alltaf með nýjan disk í röðina, aldrei að flagga fyrri ferðum.

Þannig kveðjum við fýluna saman sem samfélag.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

DAG HVERN LESA

96.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

FRÉTTABLAÐIÐ - MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

SÓMI



Sóma Tortillur

★ **VIÐ RÚLLUM ÞESSU UPP** ★
— DAGLEGA MEÐ FERSKASTA ÁLEGGINU —

FRERSKT Á FERÐINI ★ FRESH TO GO

